

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
Ozempic 1 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
Ozempic 2 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna

2. INNIHALDSLÝSING

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn

Einn ml af lausn inniheldur 1,34 mg af semaglú tíði* (semaglutid). Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglú tíði* í 1,5 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,25 mg af semaglú tíði í 0,19 ml af lausn.

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn

1,5 ml: Einn ml af lausn inniheldur 1,34 mg af semaglú tíði* (semaglutid). Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglú tíði* í 1,5 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,5 mg af semaglú tíði í 0,37 ml af lausn.

3 ml: Einn ml af lausn inniheldur 0,68 mg af semaglú tíði* (semaglutid). Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglú tíði* í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,5 mg af semaglú tíði í 0,74 ml af lausn.

Ozempic 1 mg stungulyf, lausn

Einn ml af lausn inniheldur 1,34 mg af semaglú tíði* (semaglutid). Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 4 mg af semaglú tíði* í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 1 mg af semaglú tíði í 0,74 ml af lausn.

Ozempic 2 mg stungulyf, lausn

Einn ml af lausn inniheldur 2,68 mg af semaglú tíði* (semaglutid). Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 8 mg af semaglú tíði* í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 2 mg af semaglú tíði í 0,74 ml af lausn.

* Glúkagón-lík peptíð-1 (GLP-1) hliðstæða úr mönnum framleidd með raðbrigða DNA-tækni í *Saccharomyces cerevisiae*.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyf, lausn (inndæling).

Tær og litlaus eða nær litlaus, jafnþrýstin lausn: pH=7,4.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Ozempic er ætlað til meðferðar á fullorðnum með ófullnægjandi stjórn á sykursýki af tegund 2 sem viðbót við mataræði og hreyfingu

- sem meðferð með einu lyfi þegar ekki er hægt að nota metformín vegna óþols eða frábendinga
- sem viðbót við önnur sykursýkilyf.

Rannsóknaniðurstöður er varða samsetningar, áhrif á stjórn á blóðsykri, hjarta- og æðakvilla og nýrnakvilla og upplýsingar um þau þýði sem voru rannsökuð, má sjá í köflum 4.4, 4.5 og 5.1.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Upphafsskammtur er 0,25 mg af semaglútíði einu sinni í viku. Eftir 4 vikur á að auka skammtinn í 0,5 mg einu sinni í viku. Eftir að minnsta kosti 4 vikur með skammtinum 0,5 mg einu sinni í viku má auka skammtinn í 1 mg einu sinni í viku til að bæta blóðsykursstjórnun enn frekar. Eftir að minnsta kosti 4 vikur með 1 mg skammti einu sinni í viku, má auka skammtinn í 2 mg einu sinni í viku til að bæta blóðsykursstjórnun enn frekar.

Semaglútíð 0,25 mg er ekki viðhaldsskammtur. Ekki er mælt með vikuskömmum sem eru stærri en 2 mg.

Þegar Ozempic er bætt við meðferð með metformíni og/eða tíazólidindíóni eða hemli samflutningspróteins natríumglúkósa 2 (sodium-glucose co-transporter 2, SGLT2) má halda áfram að gefa óbreyttan skammt af metformíni og/eða tíazólindindíóni eða SGLT2-hemli.

Þegar Ozempic er bætt við meðferð með súlfónýlúrealyfi eða insúlíni má íhuga að minnka skammt súlfónýlúrealyfsins eða insúlínsins til að draga úr hættu á blóðsykursfalli (sjá kafla 4.4 og 4.8).

Ekki er nauðsynlegt að sjúklingur fylgist sjálfur með blóðsykri til að stilla af skammtastærð Ozempic. Nauðsynlegt er að sjúklingur fylgist sjálfur með blóðsykri til að stilla af skammtastærð súlfónýlúrealyfs og insúlíns, sérstaklega við upphaf meðferðar með Ozempic og þegar insúlín er minnkað. Mælt er með því að minnka insúlín smám saman.

Ef skammtur gleymist

Ef skammtur gleymist á að gefa hann eins fljótt og mögulegt er og innan 5 daga frá því að átti að taka hann. Ef meira en 5 dagar eru liðnir skal sleppa skammtinum sem gleymdist og gefa næsta skammt á venjulega áætluðum degi. Í hvoru tilviki geta sjúklingar svo haldið áfram á venjulegri áætlun með skömmtun einu sinni í viku.

Að breyta dagsetningu skömmunar

Ef nauðsyn krefur má breyta deginum fyrir vikulega gjöf, svo fremi sem að minnsta kosti 3 sólarhringar (>72 klst.) líði milli skammtanna. Þegar nýr vikudagur hefur verið valinn skal halda vikulegum skammti áfram.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Ekki er þörf á skammtaaðlögun vegna aldurs.

Skert nýrnastarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með vægt skerta, í meðallagi skerta eða verulega skerta nýrnastarfsemi. Takmörkuð reynsla er af notkun semaglútíðs hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi.

Skert lifrarstarfsemi

Ekki er þörf á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi. Takmörkuð reynsla er af notkun semaglútíðs hjá sjúklingum með verulega skerta lifrarstarfsemi. Gæta skal varúðar við meðferð með semaglútíði hjá þessum sjúklingum (sjá kafla 5.2).

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun semaglútíðs hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára. Engar upplýsingar liggja fyrir.

Lyfjagjöf

Til notkunar undir húð.

Ozempic á að gefa undir húð á kvið, læri eða upphandlegg. Skipta má um stungustað án þess að aðlaga skammta. Ekki má gefa Ozempic í bláæð eða í vöðva.

Ozempic á að gefa einu sinni í viku hvenær dagsins sem er, óháð máltíðum.

Nánari upplýsingar um lyfjagjöf eru í kafla 6.6.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Almennt

Ekki á að nota semaglútíð hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 1 eða til að meðhöndla ketónblóðsýringu af völdum sykursýki. Semaglútíð kemur ekki í staðinn fyrir insúlín. Greint hefur verið frá ketónblóðsýringu af völdum sykursýki hjá insúlínháðum sjúklingum sem hætta snögglega meðferð eða skammtur af insúlíni er minnkaður hratt, þegar meðferð með GLP-1 viðtakaörva er hafin (sjá kafla 4.2).

Engin reynsla er af notkun lyfsins hjá sjúklingum með hjartabilun af NYHA flokki IV og því er notkun semaglútíðs ekki ráðlögð hjá þessum sjúklingahópi.

Ásvelging í tengslum við svæfingu eða djúpa slævingu

Tilkynnt hefur verið um lungnaásvelgingu í svæfingu eða djúpri slævingu hjá sjúklingum sem fá GLP-1 viðtakaörva. Því skal hafa í huga hættuna á leifum af magainnihaldi vegna seinkaðrar magatæmingar (sjá kafla 4.8) áður en hafin er aðgerð með svæfingu eða djúpri slævingu.

Áhrif á meltingarfæri

Notkun GLP-1 viðtakaörva kann að tengjast aukaverkunum frá meltingarfærum. Þetta ætti að hafa í huga við meðhöndlun sjúklinga með skerta nýrnastarfsemi, vegna þess að ógleði, uppköst og niðurgangur kunna að valda vökvaskorti sem aftur getur valdið versnun á nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.8).

Bráð brisbólga

Bráð brisbólga hefur komið fram við notkun GLP-1 viðtakaörva. Upplýsa þarf sjúklinga um einkenni bráðrar brisbólgu. Ef grunur er um brisbólgu skal hætta notkun semaglútíðs; ef brisbólga er staðfest skal ekki hefja meðferð með semaglútíði að nýju. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með sögu um brisbólgu.

Blóðsykursfall

Sjúklingum sem fá semaglútíð í samsettri meðferð með súlfónýlúrealyfi eða insúlíni er mögulega hættara við blóðsykursfalli. Draga má úr líkum á blóðsykursfalli með því að minnka skammta súlfónýlúrealyfsins eða insúlínsins þegar meðferð með semaglútíði er hafin (sjá kafla 4.8).

Sjónukvilli af völdum sykursýki

Hjá sjúklingum með sjónukvilla af völdum sykursýki sem fá meðferð með insúlíni og semaglútíði hefur komið fram aukin hætt á fylgikvillum vegna sjónukvilla af völdum sykursýki (sjá kafla 4.8). Gæta skal varúðar þegar semaglútíð er notað hjá sjúklingum með sjónukvilla af völdum sykursýki sem nota insúlín. Fylgjast skal náið með þessum sjúklingum og meðhöndla þá í samræmi við klínískar leiðbeiningar. Hraðar framfarir í blóðsykurstjórnun hafa verið tengdar við skammvinna versnun á sjónukvilla af völdum sykursýki, en ekki er hægt að útiloka aðra verkunarhætti. Engin reynsla er af notkun semaglútíðs 2 mg hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 sem eru með sjónukvilla af völdum sykursýki sem ekki hefur náðst stjórn á eða mögulega óstöðugan sjónukvilla af völdum sykursýki og þess vegna er notkun semaglútíðs 2 mg ekki ráðlögð hjá þessum sjúklingahópi.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Semaglútíð veldur seinkun á magatæmingu og getur hugsanlega haft áhrif á frásog lyfja til inntöku sem eru gefin samhliða. Gæta skal varúðar þegar semaglútíð er notað hjá sjúklingum sem eru á lyfjum til inntöku sem þarfnast hraðs frásogs frá meltingarvegi.

Parasetamól

Semaglútíð veldur seinkun á hraða magatæmingar samkvæmt mati á lyfjahvörfum parasetamóls við staðlað máltíðarpróf. $AUC_{0-60 \text{ mín}}$ og C_{max} parasetamóls lækkuðu um 27% annars vegar og 23% hins vegar í kjölfar samhliða notkunar semaglútíðs 1 mg. Ekki sáust áhrif á heildarútsetningu fyrir parasetamóli ($AUC_{0-5 \text{ klst.}}$). Engin klínískt mikilvæg áhrif á hraða magatæmingar komu fram við notkun semaglútíðs 2,4 mg, eftir 20 vikna lyfjagjöf semaglútíðs, sennilega vegna áhrifa þolmyndunar. Ekki er þörf á skammtaöðlun parasetamóls þegar það er gefið samhliða semaglútíði.

Getnaðarvarnarlyf til inntöku

Ekki er búist við að semaglútið dragi úr áhrifum getnaðarvarnarlyfja til inntöku þar sem semaglútið breytti ekki heildarútsetningu fyrir etínýlestradíóli og levónorgestreli að því marki að það skipti máli klínískt þegar samsett getnaðarvarnarlyf til inntöku (0,03 mg etínýlestradíól/0,15 mg levónorgestrel) var gefið samhliða semaglútið. Engin áhrif á útsetningu fyrir etínýlestradíóli komu fram; útsetning fyrir levónorgestreli jókst um 20% við jafnvægi. Engin áhrif voru á C_{max} neinna þessara efnasambanda.

Atorvastatín

Semaglútið breytti ekki heildarútsetningu fyrir atorvastatíni eftir gjöf eins skammts af atorvastatíni (40 mg). C_{max} atorvastatíns lækkaði um 38%. Ekki er talið að þetta hafi klíníska þýðingu.

Dígoxín

Semaglútið breytti ekki heildarútsetningu eða C_{max} dígoxíns eftir gjöf eins skammts af dígoxíni (0,5 mg).

Metformín

Semaglútið breytti ekki heildarútsetningu eða C_{max} metformíns eftir gjöf 500 mg af metformíni tvisvar á dag í 3,5 daga.

Warfarín og aðrar kúmarínafleiður

Semaglútið breytti ekki heildarútsetningu eða C_{max} R- og S-warfaríns eftir gjöf eins skammts af warfaríni (25 mg), og engin klínísk áhrif komu fram á lyfjahvörf warfaríns mæld með INR (international normalised ratio). Þó hefur verið greint frá lækkuðu INR við samhliðanotkun acenokúmaróls og semaglútiðs. Mælt er með tíðara eftirliti með INR þegar semaglútiðmeðferð er hafin hjá sjúklingum sem eru á warfaríni eða öðrum kúmarínafleiðum.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Konur sem geta orðið þungaðar

Mælt er með að konur sem geta orðið þungaðar noti getnaðarvarnir meðan á meðferð með semaglútið stendur.

Meðganga

Dýrarannsóknir hafa sýnt eiturvekanir á æxlun (sjá kafla 5.3). Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um notkun semaglútiðs á meðgöngu. Því má ekki nota semaglútið á meðgöngu. Hætta skal meðferð með semaglútið ef sjúklingurinn óskar eftir að verða þunguð eða ef þungun á sér stað. Vegna hins langa helmingunartíma lyfsins skal hætta meðferð með semaglútið að minnsta kosti 2 mánuðum fyrir ráðgerða þungun (sjá kafla 5.2).

Brjóstagjöf

Semaglútið skildist út í mjólk hjá mjólkandi rottum. Vegna þess að ekki er hægt að útiloka hættu fyrir börn sem eru á brjósti mega konur sem hafa barn á brjósti ekki nota semaglútið.

Frjósemi

Áhrif semaglútíðs á frjósemi hjá mönnum eru ekki þekkt. Semaglútíð hafði ekki áhrif á frjósemi karlkyns rotta. Hjá kvenkyns rottum kom fram aukning á lengd tímgunarhrings og lítilsháttar fækkun egglosa við skammta sem tengjast þyngdartapi móður (sjá kafla 5.3).

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Semaglútíð hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla. Þegar lyfið er notað samhliða súlfónýlúrealyfi eða insúlíni skal ráðleggja sjúklingum að grípa til varúðarráðstafana til að koma í veg fyrir blóðsykursfall meðan þeir aka og nota vélar (sjá kafla 4.4).

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Í átta 3a-stigs rannsóknum fengu 4.792 sjúklingar semaglútíð allt að 1 mg. Algengustu aukaverkanirnar sem greint var frá í klínískum rannsóknum voru einkenni frá meltingarfærum, þ.m.t. ógleði (mjög algeng), niðurgangur (mjög algeng) og uppköst (algeng). Þessar aukaverkanir voru yfirleitt vægar eða í meðallagi alvarlegar og skammvinnar.

Tafla með aukaverkunum

Í töflu 1 eru taldar upp aukaverkanir sem greint var frá í öllum 3-stigs rannsóknunum (þ.m.t. langtíma útkomurannsókninni á hjarta og æðakerfi) og í tilkynningum eftir markaðssetningu hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 (nánar lýst í kafla 5.1). Tíðni aukaverkananna (fyrir utan fylgikvilla vegna sjónukvilla af völdum sykursýki, sjá neðanmálgrein í töflu 1) er reiknuð út frá tíðni þeirra í 3a-stigs rannsóknunum, að undanskildri útkomurannsókninni á hjarta og æðakerfi (sjá nánari upplýsingar í texta fyrir neðan töfluna).

Aukaverkanirnar eru skráðar samkvæmt flokkun eftir líffærum og heildartíðni. Tíðni er skilgreind á eftirfarandi hátt: mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1\,000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10\,000$ til $< 1/1\,000$), koma örsjaldan fyrir ($< 1/10\,000$) og tíðni ekki þekkt: (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum). Innan tíðniflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Tafla 1 Tíðni aukaverkana með semaglútíði

MedDRA líffæraflokkun	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar	Mjög sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt
Ónæmiskerfi			Ofnæmi ^c	Bráða-ofnæmis-viðbrögð	
Efnaskipti og næring	Blóðsykursfall ^a við notkun ásamt insúlíni eða súlfónýlúrealyfjum	Blóðsykursfall ^a við notkun ásamt öðrum sykursýkilyfjum til inntöku Minnkuð matarlyst			
Taugakerfi		Sundl	Bragðtruflun		
Augu		Fylgikvillar vegna sjónukvilla af völdum sykursýki ^b			

MedDRA líffæraflokkun	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar	Mjög sjaldgæfar	Tíðni ekki þekkt
Hjarta			Aukinn hjartsláttur		
Meltingarfæri	Ógleði Niðurgangur	Uppköst Kviðverkir Þaninn kviður Hægðatregða Meltingartruflanir Magabólga Maga- og vélindabakflæði Ropi Vindgangur	Bráð brisbólga Seinkuð magatæming		Þarmateppa ^d
Lifur og gall		Gallsteinar			
Húð og undirhúð					Ofnæmisbjúgur ^d
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað		Þreyta	Viðbrögð á stungustað		
Rannsóknaniðurstöður		Hækkun lípasa Hækkun amýlase Þyngdartap			

^{a)} Blóðsykursfall skilgreint sem alvarleg (sjúklingur þarfnast aðstoðar annars einstaklings) eða með einkennum ásamt því að blóðsykur er <3,1 mmól/l.

^{b)} Fylgikvillar vegna sjónukvilla af völdum sykursýki samanstanda af: ljóshleypingu í sjónu, meðferð með lyfjum í glerhlaup, blæðingu í glerhlaupi, blindu af völdum sykursýki (sjaldgæf). Tíðni byggð á útkomurannsókn á hjarta og æðakerfi.

^{c)} Heiti sem nær einnig yfir aukaverkanir sem tengjast ofnæmi eins og útbrot og ofsakláði.

^{d)} Frá því eftir markaðssetningu.

Niðurstöður úr 2 ára útkomurannsókn á hjarta og æðakerfi og öryggisprófun

Hjá þýði í mikilli hættu á hjarta- og æðasjúkdómum voru aukaverkanir almennt svipaðar og sjá mátti í öðrum 3a-stigs rannsóknum (lýst í kafla 5.1).

Lýsing á völdum aukaverkunar

Blóðsykursfall

Engin tilvik um alvarlegt blóðsykursfall komu fram þegar semaglútið var notað eitt sér. Alvarlegt blóðsykursfall kom fyrst og fremst fram þegar semaglútið var notað ásamt súlfónýlúrealyfi (1,2% þáttakenda, 0,03 tilvik/sjúklingaár) eða insúlíni (1,5% þáttakenda, 0,02 tilvik/sjúklingaár). Fá tilvik (0,1% þáttakenda, 0,001 tilvik/sjúklingaár) komu fram þegar semaglútið var gefið samhliða sykursýkilyfjum til inntöku öðrum en súlfónýlúrealyfjum.

Blóðsykursfall skilgreint samkvæmt ADA (American Diabetes Association) kom fram hjá 11,3% (0,3 tilvik/sjúklingaár) sjúklinga þegar semaglútiði 1 mg var bætt við SGLT2-hemil í SUSTAIN 9 samanbórið við 2,0% (0,04 tilvik/sjúklingaár) sjúklinga sem fengu lyfleysu. Greint var frá alvarlegu blóðsykursfalli hjá 0,7% (0,01 tilvik/sjúklingaár) sjúklinga sem fengu semaglútið og 0% sjúklinga sem fengu lyfleysu.

Í 40 vikna 3b-stigs rannsókn á sjúklingum sem fengu semaglútið 1 mg og 2 mg, kom meirihluti tilvika blóðsykursfalls (45 af 49 tilvikum) fram þegar semaglútið var notað í samsettri meðferð með súlfónýlúrealyfi eða insúlíni. Í heildina var engin aukin hættu á blóðsykursfalli með semaglútiði 2 mg.

Aukaverkanir frá meltingarfærum

Hjá sjúklingum sem fengu annars vegar 0,5 mg og hins vegar 1 mg af semaglú tíði var tíðni ógleði 17% annars vegar og 19,9% hins vegar, tíðni niðurgangs var 12,2% annars vegar og 13,3% hins vegar, og tíðni uppkasta var 6,4% annars vegar og 8,4% hins vegar. Flestar aukaverkanir voru vægar eða miðlungsalvarlegar og skammvinnar. Þessar aukaverkanir leiddu til þess að meðferð var hætt hjá 3,9% sjúklinga annars vegar og 5% sjúklinga hins vegar. Oftast var greint frá aukaverkunum á fyrstu mánuðum meðferðar.

Hjá sjúklingum með lága líkamsþyngd geta aukaverkanir frá meltingarfærum verið meiri þegar þeir fá meðferð með semaglú tíði.

Í 40 vikna 3b-stigs rannsókn á sjúklingum sem fengu semaglú tíð 1 mg og 2 mg, kom ógleði fram í álíka hlutfalli á meðal sjúklinga sem fengu meðferð með semaglú tíði 1 mg og 2 mg. Niðurgangur og uppköst komu fram hjá hærri hlutfalli sjúklinga sem fengu meðferð með semaglú tíði 2 mg samanborið við semaglú tíð 1 mg. Aukaverkanir frá meltingarfærum leiddu til stöðvunar meðferðar á álíka hlutföllum í semaglú tíð 1 mg og 2 mg meðferðarhópunum.

Við samhliðanotkun SGLT2-hemils í SUSTAIN 9, var greint frá hægðatregðu hjá 6,7% sjúklinga sem fengu semaglú tíð 1 mg og maga- og vélindabakflæði hjá 4% sjúklinga, samanborið við engin tilvik hjá sjúklingum sem fengu lyfleysu. Algengi þessara tilvika lækkaði ekki eftir því sem leið á rannsóknina.

Bráð brisbólga

Tíðni staðfestrar bráðrar brisbólgu sem tilkynnt var um í 3a-stigs klínískum rannsóknum var 0,3% fyrir semaglú tíð og 0,2% fyrir samanburðarlyfið. Í 2 ára útkomurannsókninni á hjarta og æðakerfi var tíðni staðfestrar bráðrar brisbólgu 0,5% fyrir semaglú tíð og 0,6% fyrir lyfleysu (sjá kafla 4.4).

Fylgikvillar vegna sjónukvilla af völdum sykursýki

Í klínískri rannsókn sem stóð yfir í tvö ár voru rannsakaðir 3.297 sjúklingar með sykursýki af tegund 2, mikla hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, langa sögu um sykursýki og slaka stjórn á blóðsykri. Í þessari rannsókn komu fylgikvillar sem taldir voru vera vegna sjónukvilla af völdum sykursýki fram hjá fleiri sjúklingum sem fengu semaglú tíð (3%) heldur en hjá þeim sem fengu lyfleysu (1,8%). Þetta kom fram hjá sjúklingum með þekktan sjónukvilla af völdum sykursýki sem meðhöndlaðir voru með insúlíni. Munur milli meðferða kom snemma fram og hélst allan rannsóknartímann. Kerfisbundið mat á fylgikvillum vegna sjónukvilla af völdum sykursýki var einungis gert í útkomurannsókninni á hjarta og æðakerfi. Í klínískum rannsóknum sem stóðu í allt að 1 ár og tóku til 4.807 sjúklinga með sykursýki af tegund 2 var svipað hlutfall sjúklinga sem fékk meðferð með semaglú tíði sem greindi frá aukaverkunum tengdum sjónukvilla af völdum sykursýki (1,7%) og þeirra sem fengu meðferð með samanburðarlyfjum (2,0%).

Meðferð hætt vegna aukaverkana

Meðferð var hætt vegna aukaverkana hjá 6,1% sjúklinga sem fengu meðferð með semaglú tíði 0,5 mg og hjá 8,7% sjúklinga sem fengu 1 mg af lyfinu, samsvarandi hlutfall fyrir lyfleysu var 1,5%. Algengustu aukaverkanirnar sem leiddu til þess að sjúklingar hættu á meðferðinni voru einkenni frá meltingarfærum.

Viðbrögð á stungustað

Greint hefur verið frá viðbrögðum á stungustað (t.d. útbrot eða roði á stungustað) hjá 0,6% sjúklinga sem fengu semaglú tíð 0,5 mg og hjá 0,5% sjúklinga sem fengu semaglú tíð 1 mg. Þessi viðbrögð voru yfirleitt væg.

Ónæmingargeta

Í samræmi við hugsanlega ónæmingareiginleika prótein- og peptíðlyfja geta sjúklingar myndað mótefni eftir meðferð með semaglú tíði. Hlutfall sjúklinga sem greindust með mótefni gegn semaglú tíði hvenær sem var eftir upphaf rannsóknarinnar var lágt (1-3%) og engir sjúklingar voru með hlutleysandi mótefni gegn semaglú tíði eða mótefni gegn semaglú tíði með innrænum hlutleysandi GLP-1 áhrifum við lok rannsóknarinnar.

Aukin hjartsláttartíðni

Aukin hjartsláttartíðni hefur komið fram við notkun GLP-1 viðtakaörva. Í 3a-stigs rannsóknunum var meðalaukningin 1 til 6 slög á mínútu frá upphafsgildinu 72 í 76 slög/mín. hjá sjúklingum sem fengu Ozempic. Í langtímarannsókn hjá einstaklingum með áhættuþætti hjarta- og æðasjúkdóma var aukning hjartsláttartíðni >10 slög/mín. hjá 16% einstaklinga sem fengu Ozempic samanborið við 11% einstaklinga sem fengu lyfleysu eftir 2 ára meðferð.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Greint hefur verið frá ofskömmtnun sem er allt að 4 mg í stökum skammti og allt að 4 mg á einni viku í klínískum rannsóknum. Algengasta aukaverkunin sem greint var frá var ógleði. Allir sjúklingar náðu sér að fullu án fylgikvilla.

Sértækt mótefni gegn ofskömmtnun semaglútíðs er ekki fyrir hendi. Ef ofskömmtnun á sér stað skal veita viðeigandi stuðningsmeðferð samkvæmt klínískum einkennum sjúklings. Nauðsynlegt getur verið að fylgjast með og meðhöndla þessi einkenni yfir lengri tíma, þar sem helmingunartími semaglútíðs er um það bil 1 vika (sjá kafla 5.2).

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Sykursýkilyf, hliðstæður við glúkagón-líkt peptíð-1 (GLP-1), ATC-flokkur: A10BJ06.

Verkunarháttur

Semaglútíð er GLP-1 hliðstæða með 94% samsvörun raða við GLP-1 úr mönnum. Semaglútíð virkar sem GLP-1 viðtakaörvi sem binst sértækt við og virkjar GLP-1 viðtakann, sem innrænt GLP-1 binst við.

GLP-1 er lífeðlisfræðilegt hormón sem hefur margvísleg áhrif á stjórnun glúkósa og matarlystar, í hjarta og æðakerfinu og nýrum. Áhrifunum á glúkósa og matarlyst er miðlað sérstaklega gegnum GLP-1 viðtaka í brisi og heila.

Semaglútíð lækkar blóðsykur á glúkósaáðan hátt með því að örva insúlínseytingu og draga úr seytingu glúkagons þegar blóðsykur er hár. Blóðsykurslækkandi verkunin felst einnig í minniháttar seinkun á magatæmingu fyrst eftir máltíð. Þegar blóðsykur er mjög lágur dregur semaglútíð úr seytingu insúlíns og hefur ekki áhrif á seytingu glúkagons.

Semaglútíð dregur úr líkamsþyngd og líkamsfitu með minni orkuneyslu vegna almennt minnkaðrar matarlystar. Ennfremur dregur semaglútíð úr löngun í fituríkan mat.

Tjáning GLP-1 viðtaka er einnig í hjarta, æðum, ónæmiskerfi og nýrum. Verkunarháttur semaglútíðs er líklega margþættur. Jákvæð áhrif semaglútíðs á lípíð í plasma, lækkaðan slagbilsþrýsting og minnkaða bólgu í klínískum rannsóknum gefa til kynna óbein áhrif en bein áhrif koma líklega einnig

við sögu. Í dýrarannsóknnum dró semaglútið úr þróun æðakölkunar með því að koma í veg fyrir áframhaldandi skellumyndun í ósæð og draga úr bólgu í skellunum.

Klínísk gögn sýndu að semaglútið dró úr albúmínmigu hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm.

Lyfhrif

Mat á lyfhrifum var framkvæmt eftir 12 vikna meðferð (að skammtaaukningu meðtalinni) við jafnvægi með semaglútið 1 mg einu sinni í viku.

Fastandi glúkósi og glúkósi eftir máltíð

Semaglútið lækkar þéttni fastandi glúkósa og glúkósa eftir máltíð. Hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 leiddi meðferð með semaglútið 1 mg til lækkunar á glúkósa hvað varðar heildarbreytingu frá grunngildi (mmól/l) og hlutfallslega lækkun samanborið við lyfleysu (%) fyrir fastandi glúkósa (1,6 mmól/l; 22% lækkun), glúkósa 2 klst. eftir máltíð (4,1 mmól/l; 37% lækkun), meðaltalsþéttni glúkósa á 24 klst. tímabili (1,7 mmól/l; 22% lækkun) og glúkósasveiflum (excursion) eftir 3 máltíðir (0,6-1,1 mmól/l) samanborið við lyfleysu. Semaglútið lækkaði fastandi glúkósa eftir fyrsta skammtinn.

Starfsemi betafruma og insúlínseyting

Semaglútið eykur starfsemi betafruma. Samanborið við lyfleysu jók semaglútið fyrsta stigs og annars stigs insúlínsvörun þrefalt og tvöfalt, í þeirri röð, og jók hámarksseytingargetu betafruma hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2. Auk þess jók meðferð með semaglútið þéttni insúlíns á fastandi maga samanborið við lyfleysu.

Seyting glúkagons

Semaglútið lækkar þéttni fastandi glúkagons og glúkagons eftir máltíð. Hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 leiddi gjöf semaglútiðs til hlutfallslegrar lækkunar glúkagons samanborið við lyfleysu hvað varðar eftirfarandi þætti: Fastandi glúkagon (8-21%), glúkagonsvörun eftir máltíð (14-15%) og meðalþéttni glúkagons yfir 24 klst. tímabil (12%).

Blóðsykursháð seyting insúlíns og glúkagons

Semaglútið lækkaði háa þéttni blóðsykurs með því að örva seytingu insúlíns og draga úr seytingu glúkagons á glúkósaáhrif. Þegar semaglútið var notað var hraði insúlínseytingar hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 sambærilegur við það sem sést hjá heilbrigðum þátttakendum.

Við framkallaða blóðsykurslækkun hafði semaglútið, samanborið við lyfleysu, ekki áhrif á mótviðbrögð til leiðréttingar, þ.e. aukningu á glúkagoni, og dró ekki úr lækkun C-peptíðs hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2.

Magatæming

Semaglútið olli smávægilegri töf á magatæmingu fyrst eftir máltíð og með því skilaði glúkósi sér hægar út í blóðrásina eftir máltíð.

Matarlyst, orkuneysla og val á fæðu

Samanborið við lyfleysu dró semaglútið úr orkuneyslu í 3 máltíðum að eigin vali í röð um 18-35%. Þessar niðurstöður voru studdar með því að semaglútið dró úr matarlyst, bæði á fastandi maga sem og eftir máltíð, jók stjórn á fæðuinntöku, dró úr sterkri löngun í ákveðinn mat og dró hlutfallslega úr löngun í fituríkan mat.

Fastandi blóðfitur og blóðfitur eftir máltíð

Samanborið við lyfleysu dró semaglútið úr fastandi blóðþéttni þríglyseríða um 12% og VLDL-kólesteróls (very low density lipoprotein, fituprótein með mjög lágan eðlismassa) um 21%. Einnig lækkaði svörun þríglyseríða og VLDL-kólesteróls við mjög fituríkri máltíð um >40%.

Raflífeðlisfræði hjartans (QTc)

Áhrif semaglútíðs á endurskautun hjarta voru skoðuð í ítarlegri rannsókn á QTc-bili. Semaglútíð lengdi ekki QTc-bil við skammtastærð allt að 1,5 mg við jafnvægi.

Verkun og öryggi

Bætt blóðsykursstjórnun, lækkuð sjúkdóms- og dánartíðni vegna hjarta- og æðakvilla, þyngdartap og minnkuð hættu á versnun langvarandi nýrnasjúkdóma eru hluti af meðferð við sykursýki af tegund 2.

Verkun og öryggi semaglútíðs 0,5 mg og 1 mg einu sinni í viku voru metin í sex slembiröðuðum 3a-stigs samanburðarrannsóknum á 7.215 sjúklingum með sykursýki af tegund 2 (4.107 fengu meðferð með semaglútíði). Í fimm rannsóknum (SUSTAIN 1–5) var mat á blóðsykursstjórnun meginmarkmið rannsóknanna en í einni rannsókn (SUSTAIN 6) var meginmarkmiðið það að meta áhrif á hjarta og æðakerfi.

Verkun og öryggi semaglútíðs 2 mg einu sinni í viku voru metin í 3b-stigs rannsókn (SUSTAIN FORTE) með 961 sjúklingi.

Að auki var gerður samanburður á verkun og öryggi semaglútíðs 0,5 mg og dulaglútíðs 0,75 mg einu sinni í viku, og semaglútíðs 1 mg og dulaglútíðs 1,5 mg einu sinni í viku í 3b-stigs rannsókn (SUSTAIN 7) með 1.201 sjúklingi. 3b-stigs rannsókn (SUSTAIN 9) var gerð til að rannsaka verkun og öryggi semaglútíðs sem viðbót við meðferð með SGLT2-hemli.

Klínískur og tölfræðilega marktækur viðvarandi ávinningur var af meðferð með semaglútíði með tilliti til lækunar á HbA_{1c} og á líkamsþyngd í allt að 2 ár samanborið við lyfleysu og virka samanburðarmeðferð (sitagliptin, glargín-insúlín, exenatíð með forðaverkun og dulaglútíð).

Aldur, kyn, kynþáttur, þjóðerni, líkamsþyngdarstuðull í upphafi, líkamsþyngd (kg) í upphafi, tímalengd frá greiningu sykursýki og skerðing á nýrnastarfsemi hafði engin áhrif á verkun semaglútíðs.

Niðurstöður miða við meðferðartímabil (on-treatment period) hjá öllum slembiröðuðum þátttakendum (greiningar byggja á blönduðum líkönum fyrir endurteknar mælingar eða mörg gildi).

Að auki var gerð 3b-stigs rannsókn (SUSTAIN 11) til að rannsaka áhrif semaglútíðs samanborið við aspartínsúlín, bæði sem viðbót við metformín og bestu (optimised) meðferð með glargín-insúlíni (U100).

Gerð var 3b-stigs útkomurannsókn á nýrum (FLOW) með 3.533 sjúklingum til að rannsaka áhrif 1 mg af semaglútíði einu sinni í viku samanborið við lyfleysu á versnun skertrar nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 og langvarandi nýrnasjúkdóm.

Hér á eftir má finna ítarlegar upplýsingar.

SUSTAIN 1 – Einlyfjameðferð

Í 30 vikna tvíblindri samanburðarrannsókn með lyfleysu var 388 sjúklingum með sjúkdóm sem mataræði og hreyfing héldu illa í skefjum slembiraðað til að fá semaglútíð 0,5 mg eða semaglútíð 1 mg einu sinni í viku eða lyfleysu.

Tafla 2 SUSTAIN 1: Niðurstöður í viku 30

	Semaglútíð 0,5 mg	Semaglútíð 1 mg	Lyfleysa
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	128	130	129
HbA_{1c} (%)			
Upphafsgildi (meðaltal)	8,1	8,1	8,0

	Semaglútíð 0,5 mg	Semaglútíð 1 mg	Lyfleysa
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-1,5	-1,6	0
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-1,4 [-1,7, -1,1] ^a	-1,5 [-1,8, -1,2] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	74	72	25
Fastandi blóðsykur (mmól/l)			
Upphafsgildi (meðaltal)	9,7	9,9	9,7
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-2,5	-2,3	-0,6
Líkamsþyngd (kg)			
Upphafsgildi (meðaltal)	89,8	96,9	89,1
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-3,7	-4,5	-1,0
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-2,7 [-3,9, -1,6] ^a	-3,6 [-4,7, -2,4] ^a	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði



SUSTAIN 2 - Semaglútíð samanborið við sitagliptin hvort tveggja í samsettri meðferð með 1-2 sykursýkilyffum til inntöku (metformíni og/eða thiazólidíndíóni)

Í 56 vikna tvíblindri rannsókn með virkum samanburði var 1.231 sjúklingi slembiraðað til að fá semaglútíð 0,5 mg einu sinni í viku, semaglútíð 1 mg einu sinni í viku eða sitagliptin 100 mg einu sinni á dag, ávallt í samsettri notkun með metformíni (94%) og/eða thiazólidíndíóni (6%).

Tafla 3 SUSTAIN 2: Niðurstöður í viku 56

	Semaglútíð 0,5 mg	Semaglútíð 1 mg	Sitagliptin 100 mg
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	409	409	407
HbA_{1c} (%)			
Upphafsgildi (meðaltal)	8,0	8,0	8,2
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-1,3	-1,6	-0,5
Mismunur gagnvart sitagliptini [95% öryggisbil]	-0,8 [-0,9, -0,6] ^a	-1,1 [-1,2, -0,9] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	69	78	36
Fastandi blóðsykur (mmól/l)			
Upphafsgildi (meðaltal)	9,3	9,3	9,6
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-2,1	-2,6	-1,1
Líkamsþyngd (kg)			
Upphafsgildi (meðaltal)	89,9	89,2	89,3
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-4,3	-6,1	-1,9
Mismunur gagnvart sitagliptini [95% öryggisbil]	-2,3 [-3,1, -1,6] ^a	-4,2 [-4,9, -3,5] ^a	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði



Mynd 1 Meðalbreyting á HbA_{1c} (%) og líkamsþyngd (kg) frá upphafsgildum til viku 56

SUSTAIN 7 – Semaglútið samanborið við dulaglútið hvort tveggja í samsettri meðferð með metformíni

Í 40 vikna opinni rannsókn var 1.201 sjúklingi á metformíni slembiraðað 1:1:1:1 og fékk semaglútið 0,5 mg, dulaglútið 0,75 mg, semaglútið 1 mg eða dulaglútið 1,5 mg einu sinni í viku.

Í rannsókninni var gerður samanburður á 0,5 mg af semaglútið og 0,75 mg af dulaglútið, og samanburður á 1 mg af semaglútið og 1,5 mg af dulaglútið.

Algengustu aukaverkanirnar voru frá meltingarfærum og komu hlutfallslega jafnt fram hjá sjúklingum sem fengu semaglútið 0,5 mg (129 sjúklingar [43%]), semaglútið 1 mg (133 [44%]) og dulaglútið 1,5 mg (143 [48%]); færri sjúklingar sem fengu dulaglútið 0,75 mg fengu aukaverkanir frá meltingarfærum (100 [33%]).

Í viku 40 varð aukning á púlstíðni fyrir semaglútið (0,5 mg og 1 mg) 2,4 og 4,0 slög/mínútu og fyrir dulaglútið (0,75 mg og 1,5 mg) 1,6 og 2,1 slög/mínútu.


Tafla 4 SUSTAIN 7: Niðurstöður í viku 40

	Semaglútið 0,5 mg	Semaglútið 1 mg	Dulaglútið 0,75 mg	Dulaglútið 1,5 mg
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	301	300	299	299
HbA_{1c} (%)				
Upphafsgildi (meðaltal)	8,3	8,2	8,2	8,2
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-1,5	-1,8	-1,1	-1,4
Mismunur gagnvart dulaglútið [95% öryggisbi]	-0,4 ^b [-0,6, -0,2] ^a	-0,4 ^c [-0,6, -0,3] ^a	-	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	68	79	52	67
Fastandi blóðsykur (mmól/l)				
Upphafsgildi (meðaltal)	9,8	9,8	9,7	9,6
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-2,2	-2,8	-1,9	-2,2
Líkamsþyngd (kg)				
Upphafsgildi (meðaltal)	96,4	95,5	95,6	93,4
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-4,6	-6,5	-2,3	-3,0
Mismunur gagnvart dulaglútið [95% öryggisbil]	-2,3 ^b [-3,0, -1,5] ^a	-3,6 ^c [-4,3, -2,8] ^a	-	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði

^bsemaglútið 0,5 mg samanborið við dulaglútið 0,75 mg

^csemaglútið 1 mg samanborið við dulaglútið 1,5 mg



Mynd 2 Meðalbreyting á HbA_{1c} (%) og líkamsþyngd (kg) frá upphafsgildum til viku 40

SUSTAIN 3 - Semaglutíð samanborið við exenatíð með forðaverkun hvort tveggja í samsettri meðferð með metformíni eða metformíni ásamt súlfónýlúrealyfi

Í 56 vikna opinni rannsókn var 813 sjúklingum sem notuðu metformín eingöngu (49%), metformín ásamt súlfónýlúrealyfi (45%) eða annað lyf (6%) slembiraðað til að fá semaglutíð 1 mg eða exenatíð með forðaverkun 2 mg einu sinni í viku.

Tafla 5 SUSTAIN 3: Niðurstöður í viku 56

	Semaglutíð 1 mg	Exenatíð með forðaverkun 2 mg
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	404	405
HbA_{1c} (%)		
Upphafsgildi (meðaltal)	8,4	8,3
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-1,5	-0,9
Mismunur gagnvart exenatíði [95% öryggisbil]	-0,6 [-0,8, -0,4] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	67	40
Fastandi blóðsykur (mmól/l)		
Upphafsgildi (meðaltal)	10,6	10,4
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-2,8	-2,0
Líkamsþyngd (kg)		
Upphafsgildi (meðaltal)	96,2	95,4
Breyting frá upphafsgildum í viku 56	-5,6	-1,9
Mismunur gagnvart exenatíði [95% öryggisbil]	-3,8 [-4,6, -3,0] ^a	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði

SUSTAIN 4 - Semaglutíð samanborið við glargín-insúlín hvort tveggja í samsettri meðferð með 1-2 sykursýkilyfjum til inntöku (metformíni eða metformíni og súlfónýlúrealyfi)

Í 30 vikna opinni rannsókn með samanburðarlyfi var 1.089 sjúklingum slembiraðað til að fá semaglutíð 0,5 mg einu sinni í viku, semaglutíð 1 mg einu sinni í viku eða glargín-insúlín einu sinni á dag, samhliða metformíni (48%) eða metformíni og súlfónýlúrealyfi (51%).

Tafla 6 SUSTAIN 4: Niðurstöður í viku 30

	Semaglutíð 0,5 mg	Semaglutíð 1 mg	Glargín-insúlín
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	362	360	360
HbA_{1c} (%)			
Upphafsgildi (meðaltal)	8,1	8,2	8,1

	Semaglútíð 0,5 mg	Semaglútíð 1 mg	Glargín- insúlín
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-1,2	-1,6	-0,8
Mismunur gagnvart glargín-insúlíni [95% öryggisbil]	-0,4 [-0,5, -0,2] ^a	-0,8 [-1,0, -0,7] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	57	73	38
Fastandi blóðsykur (mmól/l)			
Upphafsgildi (meðaltal)	9,6	9,9	9,7
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-2,0	-2,7	-2,1
Líkamsþyngd (kg)			
Upphafsgildi (meðaltal)	93,7	94,0	92,6
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-3,5	-5,2	+1,2
Mismunur gagnvart glargín-insúlíni [95% öryggisbil]	-4,6 [-5,3, -4,0] ^a	-6,34 [-7,0, -5,7] ^a	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði

SUSTAIN 5 - Semaglútíð samanborið við lyfleysu hvort tveggja í samsettri meðferð með grunninsúlíni

Í 30 vikna tvíblindri samanburðarrannsókn með lyfleysu var 397 sjúklingum með sjúkdóm sem grunninsúlín með eða án metformíns hélt illa í skefjum slembiraðað til að fá semaglútíð 0,5 mg einu sinni í viku, semaglútíð 1 mg einu sinni í viku eða lyfleysu.

Tafla 7 SUSTAIN 5: Niðurstöður í viku 30

	Semaglútíð 0,5 mg	Semaglútíð 1 mg	Lyfleysa
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	132	131	133
HbA_{1c} (%)			
Upphafsgildi (meðaltal)	8,4	8,3	8,4
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-1,4	-1,8	-0,1
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-1,4 [-1,6; -1,1] ^a	-1,8 [-2,0; -1,5] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	61	79	11
Fastandi blóðsykur (mmól/l)			
Upphafsgildi (meðaltal)	8,9	8,5	8,6
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-1,6	-2,4	-0,5
Líkamsþyngd (kg)			
Upphafsgildi (meðaltal)	92,7	92,5	89,9
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-3,7	-6,4	-1,4
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-2,3 [-3,3; -1,3] ^a	-5,1 [-6,1; -4,0] ^a	-

^ap <0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði

SUSTAIN FORTE – Semaglútíð 2 mg samanborið við semaglútíð 1 mg

Í 40 vikna tvíblindri rannsókn var 961 sjúklingi með sjúkdóm sem metformín með eða án súlfónýlúrealyfs hélt illa í skefjum slembiraðað til að fá semaglútíð 2 mg einu sinni í viku eða semaglútíði 1 mg einu sinni í viku.

Meðferð með semaglútíði 2 mg leiddi til tölfræðilega meiri lækkunar á HbA_{1c} eftir 40 vikna meðferð samanborið við semaglútíð 1 mg.

Tafla 8 SUSTAIN FORTE: Niðurstöður í viku 40

	Semaglútið 1 mg	Semaglútið 2 mg
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	481	480
HbA_{1c} (%)		
Upphafsgildi (meðaltal)	8,8	8,9
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-1,9	-2,2
Mismunur gagnvart semaglútið 1 mg [95% öryggisbil]	-	-0,2 [-0,4; -0,1] ^a
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	58	68
Fastandi blóðsykur (mmól/l)		
Upphafsgildi (meðaltal)	10,9	10,7
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-3,1	-3,4
Líkamsþyngd (kg)		
Upphafsgildi (meðaltal)	98,6	100,1
Breyting frá upphafsgildum í viku 40	-6,0	-6,9
Mismunur gagnvart semaglútið 1 mg [95% öryggisbil]		-0,9 [-1,7; -0,2] ^b

^ap < 0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði^bp < 0,05 (tvíhliða) fyrir yfirburði**SUSTAIN 9 - Semaglútið samanborið við lyfleysu sem viðbót við SGLT2-hemil ± metformín eða súlfónýlúrealyf**

Í 30 vikna tvíblindri samanburðarrannsókn með lyfleysu var 302 sjúklingum með sjúkdóm sem SGLT2-hemill með eða án metformíns eða súlfónýlúrealyfs hélt illa í skefjum slembiraðað til að fá semaglútið 1,0 mg einu sinni í viku eða lyfleysu.

Tafla 9 SUSTAIN 9: Niðurstöður í viku 30

	Semaglútið 1 mg	Lyfleysa
Þýði (N) sem á að meðhöndla (ITT)	151	151
HbA_{1c} (%)		
Upphafsgildi (meðaltal)	8,0	8,1
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-1,5	-0,1
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-1,4 [-1,6; -1,2] ^a	-
Sjúklingar (%) sem ná HbA_{1c} <7%	78,7	18,7
Fastandi blóðsykur (mmól/l)		
Upphafsgildi (meðaltal)	9,1	8,9
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-2,2	0,0
Líkamsþyngd (kg)		
Upphafsgildi (meðaltal)	89,6	93,8
Breyting frá upphafsgildum í viku 30	-4,7	-0,9
Mismunur gagnvart lyfleysu [95% öryggisbil]	-3,8 [-4,7; -2,9] ^a	-

^ap < 0,0001 (tvíhliða) fyrir yfirburði, aðlagð m.t.t. margföldunaráhrifa samkvæmt stigveldisprófun á gildi HbA_{1c} og líkamsþyngd**SUSTAIN 11 – Semaglútið samanborið við aspartinsúlín sem viðbót við glargín-insúlín + metformín**

Í 52 vikna opinni rannsókn var 1748 þátttakendum með sykursýki af tegund 2, sem glargín-insúlín og metformín héldu illa í skefjum eftir 12 vikna upphafstímabil, slembiraðað 1:1 til að fá annaðhvort semaglútið einu sinni í viku (0,5 mg eða 1,0 mg) eða aspartinsúlín þrisvar sinnum á dag. Þýðið sem var tekið inn í rannsóknina hafði haft sykursýki í að meðaltali 13,4 ár og meðalgildi HbA_{1c} var 8,6% og takmarkið var að ná HbA_{1c} gildi niður í 6,5-7,5%.

Í viku 52 hafði meðferð með semaglú tíði leitt til lækkunar á HbA_{1c} (-1,5% fyrir semaglú tíð samanborið við -1,2% fyrir aspartínsúlín).

Í báðum meðferðarhópnum voru fá tilvik alvarlegs blóðsykurfalls (4 tilvik í semaglú tíðhópnum samanborið við 7 tilvik í aspartínsúlínhópnum).

Meðalþyngd minnkaði frá upphafsgildum fyrir semaglú tíð (-4,1 kg) og jókst fyrir aspartínsúlín (+2,8 kg) og áætlaður meðferðarmunur var -6,99 kg (95%CI -7,41 til -6,57) í viku 52.

Samsett meðferð með einlyfja súlfónýlúreameðferð

Í SUSTAIN 6 (sjá undirkaflann „Hjarta- og æðasjúkdómur“) voru 123 sjúklingar á einlyfjameðferð með súlfónýlúrealyfi við upphaf rannsóknar. HbA_{1c} í upphafi var 8,2% fyrir semaglú tíð 0,5 mg, 8,4% fyrir semaglú tíð 1 mg og 8,4% fyrir lyfleysu. Breytingin á HbA_{1c} í viku 30 var -1,6% fyrir semaglú tíð 0,5 mg, -1,5% fyrir semaglú tíð 1 mg og 0,1% fyrir lyfleysu.

Samsett meðferð með forblönduðu insúlíni $\pm$ 1–2 sykursýkilyf til inntöku

Í SUSTAIN 6 (sjá undirkaflann „Hjarta- og æðasjúkdómur“) voru 867 sjúklingar á meðferð með forblönduðu insúlíni (með eða án sykursýkilyfs/-lyfja til inntöku) við upphaf rannsóknar. HbA_{1c} í upphafi var 8,8% fyrir semaglú tíð 0,5 mg, 8,9% fyrir semaglú tíð 1 mg og 8,9% fyrir lyfleysu. Breytingin á HbA_{1c} í viku 30 var -1,3% fyrir semaglú tíð 0,5 mg, -1,8% fyrir semaglú tíð 1 mg og -0,4% fyrir lyfleysu.


Hjarta- og æðasjúkdómur

Í tvíblindri rannsókn sem stóð yfir í 104 vikur (SUSTAIN 6) var 3.297 sjúklingum með sykursýki af tegund 2 og mikla hættu á hjarta- og æðasjúkdómum, slembiraðað til að fá semaglú tíð 0,5 mg einu sinni í viku, semaglú tíð 1 mg einu sinni í viku eða samsvarandi lyfleysu, til viðbótar við hefðbundna meðferð og þeim svo fylgt eftir í 2 ár. Alls luku 98% sjúklinga rannsókninni og hjá 99,6% sjúklinganna var lífsstaða (lífandi/látin(n)) þekkt í lok rannsóknarinnar.


Dreifing rannsóknarþýðisins eftir aldri var eftirfarandi: 1.598 sjúklingar (48,5%) ≥ 65 ára, 321 (9,7%) ≥ 75 ára og 20 (0,6%) ≥ 85 ára. Af þeim voru 2.358 sjúklingar með eðlilega nýrnastarfsemi eða vægt skerta nýrnastarfsemi, 832 með í meðallagi skerta nýrnastarfsemi og 107 með verulega skerta nýrnastarfsemi eða skerta nýrnastarfsemi á lokastigi. Í rannsókninni voru 61% karlmenn, meðalaldurinn var 65 ár og meðaltal líkamsþyngdarstuðuls var 33 kg/m². Meðallengd frá greiningu á sykursýki var 13,9 ár.

Aðalendapunkturinn var tíminn frá slembiröðun og þar til alvarleg aukaverkun á hjarta eða æðar kom fram (major adverse cardiovascular event (MACE)): dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, hjartadrep sem ekki leiddi til dauða og slag sem ekki leiddi til dauða.

Heildarfjöldi endapunkta fyrir aðalþáttinn MACE var 254, þ.m.t. 108 (6,6%) með semaglú tíði og 146 (8,9%) með lyfleysu. Sjá niðurstöður fyrir aðal- og aukaendapunkta fyrir hjarta- og æðakerfi á mynd 4. Meðferð með semaglú tíði leiddi til 26% áhættuminnkunar á samsettu aðalútkomunum dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, hjartadrep sem ekki leiddi til dauða og slag sem ekki leiddi til dauða. Heildarfjöldi tilvika af dauðsföllum af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, hjartadreps sem ekki leiddu til dauða og slaga sem ekki leiddu til dauða voru 90, 111 og 71, í þeirri röð, þ.m.t. 44 (2,7%), 47 (2,9%) og 27 (1,6%), í þeirri röð, með semaglú tíði (mynd 4). Áhættuminnkunin á samsettu aðalútkomunni var aðallega vegna lækkunar á tíðni slags sem ekki leiddi til dauða (39%) og hjartadreps sem ekki leiddi til dauða (26%) (mynd 3).



Mynd 3 Kaplan-Meier graf yfir tíma fram að fyrsta tilviki samsettrar útkomu: dauðsfall af völdum hjarta- og æðasjúkdóma, hjartadrep sem ekki leiddi til dauða og slag sem ekki leiddi til dauða (SUSTAIN 6)



Mynd 4 Forest graf: Greiningar á tíma fram að fyrsta tilviki samsettrar útkomu, efnisþáttum samsettrar útkomu og dauðsfalls af hvaða orsökum sem er (SUSTAIN 6)

Tilvik nýtilkomins eða versnandi nýrakvilla voru 158 talsins. Áhættuhlutfallið [95% öryggisbil] fyrir tímann fram að nýrakvilla (nýtt tilfelli af þrálátri mikilli albúmínimigu (macroalbuminuria), þrálátri tvöföldun kreatínins í sermi, þörf á samfelldri skilunarmeðferð og dauðsfall af völdum nýrnasjúkdóms) var 0,64 [0,46; 0,88], aðallega vegna nýrra tilvika þrálátrar mikillar albúmínimigu.

Nýru


Í tvíblindri útkomurannsókn á nýrum (FLOW) var 3.533 sjúklingum með sykursýki af tegund 2 og langvarandi nýrnasjúkdóm með eGFR 50-75 ml/mín./1,73 m² og UACR > 300 og < 5000 mg/g, eða

eGFR $25 < 50$ ml/mín./ $1,73 \text{ m}^2$ og UACR > 100 og < 5.000 mg/g, slembiraðað til að fá annaðhvort 1 mg af semaglú tíði einu sinni í viku eða samsvarandi lyfleysu til viðbótar við hefðbundna meðferð. Rannsóknin var stöðvuð snemma hvað varðar verkun í kjölfar fyrirfram ákveðinnar milligreiningar samkvæmt ráðleggingum frá óháðri gagnaeftirlitsnefnd (Data Monitoring Committee). Miðgildi eftirfylgni var 40,9 mánuðir.


Meðalaldur þýðis var 66,6 ár og 69,7% voru karlmenn. Meðallíkamsþyngdarstuðull við upphaf var $32,0 \text{ kg/m}^2$. Meðallengd frá greiningu á sykursýki við upphaf var 17,4 ár og meðalgildi HbA_{1c} við upphaf var 7,8% (61,5 mmól/mól). Meðalgildi eGFR var 47 ml/mín./ $1,73 \text{ m}^2$ og meðalgildi UACR var 568 mg/g við upphaf. Við upphaf voru um 95% sjúklinga á meðferð með hemlum á renín-angíótensín kerfið og 16% á meðferð með SGLT2-hemlum.

Semaglú tíð hafði ávinning samanborið við lyfleysu, sem viðbót við hefðbundna meðferð, hvað varðar að koma í veg fyrir samsettu aðalútkomuna viðvarandi $\geq 50\%$ minnkun á eGFR, upphaf viðvarandi eGFR < 15 ml/mín./ $1,73 \text{ m}^2$, upphaf langvarandi nýrnauppbótarmeðferðar, dauðsfalls af völdum nýrnasjúkdóms eða hjarta- og æðasjúkdóms með áhættuhlutfallið 0,76 [0,66; 0,88]_{95% CI}, sem samsvarar hlutfallslegri áhættuminnkun á versnun nýrnasjúkdóms um 24% (sjá mynd 5). Stakir þættir samsettu aðalútkomunnar áttu þátt í meðferðaráhrifunum en það voru fá dauðsföll af völdum nýrnasjúkdóms (sjá mynd 6).

Semaglú tíð hafði ávinning samanborið við lyfleysu, sem viðbót við hefðbundna meðferð, hvað varðar lækkun á árlegri tíðni breytingar á eGFR og var áætlaður meðferðarmunur 1,16 (ml/mín./ $1,73 \text{ m}^2/\text{ár}$) [0,86; 1,47]_{95% CI}. Meðferð með semaglú tíði jók heildarlífun með marktækri lækkun á dánartíðni af hvaða orsökum sem er (sjá mynd 6).



Mynd 5 Uppsöfnuð tíðni sem fall af tíma fram að fyrsta tilviki samsettrar aðalútkomu: upphaf viðvarandi $\geq 50\%$ minnkunar á eGFR, upphaf viðvarandi eGFR < 15 ml/mín./ $1,73 \text{ m}^2$, langvarandi nýrnauppbótarmeðferð hafin, dauðsfall af völdum nýrnasjúkdóms eða hjarta- og æðasjúkdóms (FLOW)



Mynd 6 Forest graf: greiningar á tíma fram að fyrsta tilviki samsettrar aðalútkomu og efnispáttum hennar, fyrsta tilviki MACE og efnispáttum MACE og dauðsfalls af hvaða orsökum sem er (FLOW)

Líkamsþyngd

Eftir meðferð í eitt ár náðist þyngdartap sem nam $\geq 5\%$ og $\geq 10\%$ hjá fleiri einstaklingum sem fengu 0,5 mg af semaglúttíði (46% og 13%) og 1 mg af semaglúttíði (52–62% og 21–24%) en hjá þeim sem fengu virku samanburðarlyfin sitagliptin (18% og 3%) og exenatíð með forðaverkun (17% og 4%).

Í 40 vikna rannsókninni með samanburði við dulaglúttíð var $\geq 5\%$ og $\geq 10\%$ þyngdartapi náð hjá fleiri einstaklingum sem fengu semaglúttíð 0,5 mg (44% and 14%) en þeim sem fengu dulaglúttíð 0,75 mg (23% og 3%), og þeim sem fengu semaglúttíð 1 mg (allt að 63% og 27%) miðað við hjá þeim sem fengu dulaglúttíð 1,5 mg (30% og 8%).

Marktæk og viðvarandi lækkun á líkamsþyngd miðað við upphafsgildi fram að viku 104 kom fram með 0,5 mg og 1 mg skammti af semaglúttíði samanborið við 0,5 mg og 1 mg af lyfleysu, til viðbótar við hefðbundna meðferð -3,6 kg og -4,9 kg samanborið við -0,7 kg og -0,5 kg í þeirri röð) í SUSTAIN 6.

Í útkomurannsókninni á nýrum, FLOW, leiddi meðferð með 1 mg af semaglúttíði til viðvarandi lækkunar á líkamsþyngd í viku 104 samanborið við lyfleysu, sem viðbót við hefðbundna meðferð (-5,6 kg fyrir semaglúttíð og -1,4 kg fyrir lyfleysu).

Blóðþrýstingur

Marktækar lækkanir á meðalslagbilsþrýstingi komu fram þegar semaglúttíð 0,5 mg (3,5–5,1 mmHg) og 1 mg (5,4–7,3 mmHg) var notað í samsettri meðferð með sykursýkilyfjum til inntöku eða grunninsúlíni. Enginn marktækur munur á semaglúttíði og samanburðarlyfjum kom fram fyrir þanbilsþrýsting. Lækkunin á slagbilsþrýstingi sem kom fram í viku 40 var 5,3 mmHg með semaglúttíði 2 mg og 4,5 mmHg með semaglúttíði 1 mg.

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Ozempic hjá einum eða fleiri undirhópum barna við sykursýki af tegund 2 (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Í samanburði við innrænt GLP-1 er helmingunartími semaglútíðs lengdur eða um ein vika sem gerir það mjög hentugt fyrir vikulega gjöf undir húð. Meginverkunarháttur þessarar lengingar felst í albúmínbindingu, sem leiðir til minni nýrnaúthreinsunar og verndar gegn niðurbroti. Enn fremur er semaglútíð stöðugt gegn niðurbroti með aðstoð DPP-4-ensímsins.

Frásög

Hámarksþéttni náðist 1–3 dögum eftir skammt. Útsetning við jafnvægi náðist eftir 4–5 vikna gjöf einu sinni í viku. Hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 var meðalþéttni við jafnvægi eftir gjöf semaglútíðs undir húð annars vegar um það bil 16 nmól/l með 0,5 mg skammti og hins vegar um það bil 30 nmól/l með 1 mg skammti. Í samanburðarrannsókninni á semaglútíði 1 mg og 2 mg, var meðalþéttni við jafnvægi 27 nmól/l fyrir semaglútíð 1 mg og 54 nmól/l fyrir semaglútíð 2 mg. Útsetning fyrir semaglútíði jókst í réttu hlutfalli við skammta fyrir 0,5 mg, 1 mg og 2 mg skammta. Svipuð útsetning náðist við gjöf semaglútíðs undir húð á maga, læri eða upphandlegg. Nýting semaglútíðs þegar það var gefið undir húð var 89%.

Dreifing

Meðaldreifingarrúmmál semaglútíðs eftir gjöf undir húð hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 var um það bil 12,5 l. Semaglútíð var að mestu leyti bundið albúmíni í plasma (>99%).

Umbrot

Fyrir útskilnað umbrotnar semaglútíð að verulegu leyti með prótínsundrandi klofningi á meginkeðju peptíðsins og runubundinni beta-oxun á hliðarkeðju fitusýrunnar. Talið er að ensímið hlutlausi endopeptíðasinn (NEP) eigi þátt í umbroti semaglútíðs.

Brotthvarf

Í rannsókn með stökum skammti af geislamerktu semaglútíði undir húð kom í ljós að helstu útskilnaðarleiðir semaglútíð-tengds efnis voru með þvagi og saur; u.þ.b. 2/3 hlutar semaglútíðs-tengds efnis skildust út í þvagi og u.þ.b. 1/3 í saur. Um það bil 3% af skammtinum skildist út sem óbreytt semaglútíð í þvagi. Úthreinsun semaglútíðs hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 var u.þ.b. 0,05 l/klst. Þar sem helmingunartími brotthvarfs er u.þ.b. ein vika verður semaglútíð til staðar í blóðrásinni í um það bil 5 vikur eftir síðasta skammt.

Sérstakir sjúklingahópar

Aldraðir

Aldur hafði engin áhrif á lyfjahvörf semaglútíðs samkvæmt niðurstöðum úr 3a. stigs rannsóknunum sem tóku til sjúklinga á aldrinum 20–86 ára.

Kyn, kynþáttur og þjóðerni

Kyn, kynþáttur (hvítir, svartir eða Bandaríkjamenn af afrískum uppruna, asískir) og þjóðerni (af spænskum eða rómönskum uppruna, ekki af spænskum eða rómönskum uppruna) höfðu engin áhrif á lyfjahvörf semaglútíðs.

Líkamsþyngd

Líkamsþyngd hefur áhrif á útsetningu fyrir semaglútíði. Hærri líkamsþyngd veldur minni útsetningu; 20% munur á líkamsþyngd milli einstaklinga leiðir til um það bil 16% mismunar á útsetningu. 0,5 mg og 1 mg skammtar af semaglútíði veita fullnægjandi útsetningu með blóðrás á líkamsþyngdarbilinu 40–198 kg.

Skert nýrnastarfsemi

Skerðing á nýrnastarfsemi hafði ekki klínískt marktæk áhrif á lyfjahvörf semaglútíðs. Sýnt var fram á þetta með stökum 0,5 mg skammti af semaglútíði hjá sjúklingum með nýrnaskerðingu á mismunandi stigum (væga, miðlungsmikla, verulega eða hjá sjúklingum í skilun) samanborið við einstaklinga með eðlilega nýrnastarfsemi. Sömu leiðis var sýnt fram á þetta hjá einstaklingum með sykursýki af tegund 2 og skerta nýrnastarfsemi, samkvæmt niðurstöðum úr 3a. stigs rannsóknum, jafnvel þótt reynsla hjá sjúklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi væri takmörkuð.

Skert lifrastarfsemi

Skerðing á lifrastarfsemi hafði engin áhrif á útsetningu fyrir semaglútíði. Lyfjahvörf semaglútíðs voru metin hjá sjúklingum með lifraskerðingu á mismunandi stigum (væga, miðlungsmikla, verulega), samanborið við einstaklinga með eðlilega lifrastarfsemi, í rannsókn með stökum 0,5 mg skammti af semaglútíði.

Börn

Semaglútíð hefur ekki verið rannsakað hjá börnum.

Ónæmingargeta

Myndun mótefna gegn semaglútíði við meðferð með semaglútíði 1 mg og 2,4 mg var sjaldgæf (sjá kafla 4.8) og svörunin virtist ekki hafa áhrif á lyfjahvörf semaglútíðs.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi, eiturverkunum eftir endurtekna skammta eða eiturverkunum á erfðafni.

C-frumuæxli í skjaldkirtli sem ekki voru banvæn sem fundust hjá nagdýrum eru áhrif sem tengjast öllum lyfjaflokknum (class effect) fyrir GLP-1 viðtakaörva. Í tveggja ára rannsóknum á krabbameinsvaldandi áhrifum í rottum og músum olli semaglútíð myndun C-frumuæxla í skjaldkirtli við klínískt marktækar útsetningar. Önnur meðferðartengd æxli hafa ekki fundist. C-frumuæxlin í nagdýrum eru af völdum ferlis sem miðlað er af sértækum GLP-1 viðtaka án eiturverkana á erfðafni og nagdýr eru sérstaklega viðkvæm fyrir. Líklega hefur þetta litla þýðingu fyrir menn, en þó er ekki hægt að útiloka alveg að þetta skipti máli.

Semaglútíð hafði ekki áhrif á þörun eða frjósemi karldýra í frjósemisrannsóknum á rottum. Hjá kvenkyns rottum kom fram aukning á lengd tímgunarhrings og lítilsháttar fækkun gulbúa (egglos) við skammta sem tengjast þyngdartapi móður.

Í rannsóknum á þroska fósturvísa/fóstra hjá rottum olli semaglútíð fósturskemmandi verkun við útsetningu sem var undir klínískri þýðingu. Semaglútíð olli greinilegri lækkun á líkamsþyngd móður og skerðingu á lífslíkum og vexti fósturvísa. Hjá fósturum komu fram miklar vanskapanir á beinagrind og innri líffærum, þar með talin áhrif á löng bein, rif, hryggjarliði, hala, blóðæðar og heilahólf. Mat á verkunarhætti gaf til kynna að eiturverkanirnar á fósturvísa hafi falið í sér GLP-1 viðtakamiðlaða skerðingu á næringarefnum til fóstursins um gulubelg (yolk sac) rottunnar. Þar sem líffærafræði og starfsemi í gulubelg er mjög mismunandi milli tegunda og vegna skorts á tjáningu GLP-1 viðtaka í gulubelg primata, annarra en manna, er talið ólíklegt að þessi verkunarháttur hafi þýðingu fyrir menn. Þó er ekki hægt að útiloka bein áhrif semaglútíðs á fóstur.

Í rannsóknum á eiturverkunum á þroska hjá kaninum og *cynomolgus* öpum kom fram aukning í fósturlátum og lítillega aukin tíðni afbrigðileika hjá fósturum við útsetningu með klínískri þýðingu. Niðurstöðurnar tengdust töluverðu þyngdartapi móður sem nam allt að 16%. Ekki er vitað hvort þessi áhrif tengist minni fæðuneyslu móður sem bein afleiðing af áhrifum GLP-1.

Vöxtur og þroski eftir fæðingu var metið hjá *cynomolgus* öpum. Ungarnir voru aðeins minni við fæðingu en náðu sér meðan á mjólkurskeiði stóð.

Hjá ungum rottum olli semaglú tíð seinkun á kynþroska hjá bæði karl- og kvendýrum. Þessi seinkun hafði engin áhrif á frjósemi og æxlunargetu beggja kynja eða á getu kvendýra til að viðhalda þungun.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Dínatríumfosfatdíhýdrat
Própýlenglýkól
Fenól
Saltsýra (til að stilla sýrustig)
Natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig)
Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf, þar sem rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

6.3 Geymsluþol

Fyrir fyrstu notkun

Ozempic 0,25 mg, 0,5 mg, 1 mg og 2 mg
3 ár.

Eftir að pakking lyfsins hefur verið rofin

Geymsluþol við notkun: 6 vikur.

Geymið við lægri hita en 30°C eða í kæli (2°C - 8°C). Ozempic má ekki frjósa. Hafið pennahettuna á lyfjapennanum þegar hann er ekki í notkun til varnar gegn ljósi.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Geymið fjarri kælikerfinu.
Ozempic má ekki frjósa.

Hafið pennahettuna á lyfjapennanum til varnar gegn ljósi.

Geymsluskilyrði eftir að pakking lyfsins hefur verið rofin, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

1,5 ml eða 3 ml rörlykja úr gleri (gler af gerð I) lokuð í annan endann með gúmmístimpli (klórbútýl) og með ísettri álhettu með lagskiptri gúmmíþynnu (brómóbútýl/pólýísópren) á hinum endanum. Rörlykjan er í einnota, áfylltum lyfjapenna úr pólýprópýleni, pólýoxýmetyleni, pólýkarbónati og akrýlónítrílbútadíenstýreni.

Pakkningastærð

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 1,5 ml af lausn, gefur fjóra 0,25 mg skammta.

1 áfylltur lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn

1,5 ml: Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 1,5 ml af lausn, gefur fjóra 0,5 mg skammta.

1 áfylltur lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar

3 áfylltir lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar

3 ml: Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn, gefur fjóra 0,5 mg skammta.

1 áfylltur lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar

3 áfylltir lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar

Ozempic 1 mg stungulyf, lausn

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn, gefur fjóra 1 mg skammta.

1 áfylltur lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar

3 áfylltir lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar

Ozempic 2 mg stungulyf, lausn

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn, gefur fjóra 2 mg skammta.

1 áfylltur lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar

3 áfylltir lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Ráðleggja á sjúklingi að farga nálinni eftir hverja inndælingu og geyma lyfjapennann án nálar. Það getur hindrað stíflu í nálum, mengun, sýkingu, leka lausnar og ónákvæma skömmtun.

Lyfjapenninn er eingöngu ætlaður til notkunar fyrir einn einstakling.

Ozempic á ekki að nota ef það er ekki tært og litlaust eða nær litlaust.

Ekki má nota Ozempic sem hefur frosið.

Ozempic má gefa inn með 30G, 31G og 32G einnota nálum sem eru allt að 8 mm á lengd.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novo Nordisk A/S

Novo Allé

DK-2880 Bagsværd

Danmörk

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/002
EU/1/17/1251/003
EU/1/17/1251/004
EU/1/17/1251/005
EU/1/17/1251/006
EU/1/17/1251/010
EU/1/17/1251/011
EU/1/17/1251/012
EU/1/17/1251/013

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 8.febrúar 2018
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 21.september 2022

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Novo Nordisk A/S
Hallas Allé
DK-4400 Kalundborg
Danmörk

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Ozempic 0,25 mg, 0,5 mg og 2 mg

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

Ozempic 1 mg

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

Novo Nordisk Production SAS
45, Avenue d'Orléans
28000 Chartres
Frakkland

Heiti og heimilisfang framleiðanda sem er ábyrgur fyrir lokasamþykkt viðkomandi lotu skal koma fram í prentuðum fylgiseðli.

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Lyfið er lyfseðilsskylt.

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

- **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

VIÐAUKI III
ÁLETRANIR OG FYLGISEÐILL

A. ÁLETRANIR

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI LYFS

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglutid

2. VIRK EFNI

Hver skammtur (0,19 ml) inniheldur 0,25 mg semaglutid (1,34 mg/ml),

3. HJÁLPAREFNI

dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, saltsýru/natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig), vatn fyrir stungulyf. Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

stungulyf, lausn

1 x 1,5 ml lyfjapenni og 4 einnota nálar (4 skammtar)

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

einu sinni í viku

Nota skal semaglutid einu sinni í viku

Skrifið vikudaginn sem valinn er fyrir inndælingu

Ég sprautaði mig með vikulega skammtinum á eftirfarandi dagsetningum

☐ ☐ ☐ ☐

til notkunar undir húð

Opnið hér

Lyftið hér

6. SÉRSTÖK VARNAÐARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORD, EF MEÐ ÞARF

Geymið lyfjapennann ekki með nál á.
Eingöngu til notkunar hjá einum einstaklingi.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

Fargið lyfjapennanum 6 vikum eftir fyrstu notkun.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.
Eftir fyrstu notkun skal geyma lyfjapennann við lægri hita en 30 °C. Má ekki frjósa.
Hafið pennahettuna á til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á**11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA**

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/002

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN**15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR****16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI**

Ozempic 0,25 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI
--

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN'

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MIÐI Á ÁFYLLTUM LYFJAPENNA

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Ozempic 0,25 mg stungulyf
semaglutid
til notkunar undir húð

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

einu sinni í viku

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

1,5 ml
(4 skammtar)

6. ANNAÐ

Novo Nordisk A/S

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI LYFS

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
semaglutid

2. VIRK EFNI

Hver skammtur (0,37 ml) inniheldur 0,5 mg semaglutid (1,34 mg/ml),

3. HJÁLPAREFNI

dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, saltsýru/natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig), vatn
fyrir stungulyf. Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

stungulyf, lausn

1 x 1,5 ml lyfjapenni og 4 einnota nálar (4 skammtar)

3 x 1,5 ml lyfjapennar og 12 einnota nálar (12 skammtar)

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

einu sinni í viku

Nota skal semaglutid einu sinni í viku

Skrifið vikudaginn sem valinn er fyrir inndælingu

Ég sprautaði mig með vikulega skammtinum á eftirfarandi dagsetningum

til notkunar undir húð

Opnið hér

Lyftið hér

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Geymið lyfjapennann ekki með nál á.
Eingöngu til notkunar hjá einum einstaklingi.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

Fargið lyfjapennanum 6 vikum eftir fyrstu notkun.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.
Eftir fyrstu notkun skal geyma lyfjapennann við lægri hita en 30 °C. Má ekki frjósa.
Hafið pennahettuna á til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/003	1 lyfjapenni og 4 einnota nálar
EU/1/17/1251/004	3 lyfjapennar og 12 einnota nálar

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Ozempic 0,5 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

ÁFYLLTUR LYFJAPENNI

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Ozempic 0,5 mg stungulyf
semaglutid
til notkunar undir húð

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

einu sinni í viku

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

1,5 ml
(4 skammtar)

6. ANNAÐ

Novo Nordisk A/S

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI LYFS

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglutid

2. VIRK EFNI

Hver skammtur (0,74 ml) inniheldur 0,5 mg semaglutid (0,68 mg/ml),

3. HJÁLPAREFNI

dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, saltsýru/natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig), vatn fyrir stungulyf. Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

stungulyf, lausn

1 x 3 ml lyfjapenni og 4 einnota nálar (4 skammtar)

3 x 3 ml lyfjapennar og 12 einnota nálar (12 skammtar)

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

einu sinni í viku

Nota skal semaglutid einu sinni í viku

Skrifið vikudaginn sem valinn er fyrir inndælingu

Ég sprautaði mig með vikulega skammtinum á eftirfarandi dagsetningum

til notkunar undir húð

Opnið hér

Lyftið hér

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Geymið lyfjapennann ekki með nál á.
Eingöngu til notkunar hjá einum einstaklingi.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

Fargið lyfjapennanum 6 vikum eftir fyrstu notkun.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.
Eftir fyrstu notkun skal geyma lyfjapennann við lægri hita en 30 °C. Má ekki frjósa.
Hafið pennahettuna á til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/012	1 lyfjapenni og 4 einnota nálar
EU/1/17/1251/013	3 lyfjapennar og 12 einnota nálar

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Ozempic 0,5 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI
--

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

ÁFYLLTUR LYFJAPENNI

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ(IR)

Ozempic 0,5 mg stungulyf
semaglutid
til notkunar undir húð

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

einu sinni í viku

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

3 ml
(4 skammtar)

6. ANNAÐ

Novo Nordisk A/S

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI LYFS

Ozempic 1 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
semaglutid

2. VIRK EFNI

Hver skammtur (0,74 ml) inniheldur 1 mg semaglutid (1,34 mg/ml),

3. HJÁLPAREFNI

dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, saltsýru/natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig), vatn
fyrir stungulyf. Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

stungulyf, lausn

1x 3 ml lyfjapenni og 4 einnota nálar (4 skammtar)
3 x 3 ml lyfjapennar og 12 einnota nálar (12 skammtar)

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

einu sinni í viku

Nota skal semaglutid einu sinni í viku

Skrifið vikudaginn sem valinn er fyrir inndælingu

Ég sprautaði mig með vikulega skammtinum á eftirfarandi dagsetningum

til notkunar undir húð

Opnið hér

Lyftið hér

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Geymið lyfjapennann ekki með nál á.
Eingöngu til notkunar hjá einum einstaklingi.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

Fargið lyfjapennanum 6 vikum eftir fyrstu notkun.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.
Eftir fyrstu notkun skal geyma lyfjapennann við lægri hita en 30 °C. Má ekki frjósa.
Hafið pennahettuna á til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/005	1 lyfjapenni og 4 einnota nálar
EU/1/17/1251/006	3 lyfjapennar og 12 einnota nálar

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Ozempic 1 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI
--

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MIÐI Á ÁFYLLTUM LYFJAPENNA

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ

Ozempic 1 mg stungulyf
semaglutid
til notkunar undir húð

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

einu sinni í viku

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

3 ml
(4 skammtar)

6. ANNAÐ

Novo Nordisk A/S

UPPLÝSINGAR SEM EIGA AÐ KOMA FRAM Á YTRI UMBÚÐUM

ASKJA

1. HEITI LYFS

Ozempic 2 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna
semaglutid

2. VIRK EFNI

Hver skammtur (0,74 ml) inniheldur 2 mg semaglutid (2,68 mg/ml),

3. HJÁLPAEFNI

dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, saltsýru/natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig), vatn fyrir stungulyf. Sjá nánari upplýsingar í fylgiseðli.

4. LYFJAFORM OG INNIHALD

stungulyf, lausn

1 x 3 ml lyfjapenni og 4 einnota nálar (4 skammtar)

3 x 3 ml lyfjapennar og 12 einnota nálar (12 skammtar)

5. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF OG ÍKOMULEIÐ

Lesið fylgiseðilinn fyrir notkun.

einu sinni í viku

Nota skal semaglutid einu sinni í viku

Skrifið vikudaginn sem valinn er fyrir inndælingu

Ég sprautaði mig með vikulega skammtinum á eftirfarandi dagsetningum

til notkunar undir húð

Opnið hér

Lyftið hér

6. SÉRSTÖK VARNADARORÐ UM AÐ LYFIÐ SKULI GEYMT ÞAR SEM BÖRN HVORKI NÁ TIL NÉ SJÁ

Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

7. ÖNNUR SÉRSTÖK VARNADARORÐ, EF MEÐ ÞARF

Geymið lyfjapennann ekki með nál á.
Eingöngu til notkunar hjá einum einstaklingi.

8. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

Fargið lyfjapennanum 6 vikum eftir fyrstu notkun.

9. SÉRSTÖK GEYMSLUSKILYRÐI

Geymið í kæli. Má ekki frjósa.
Eftir fyrstu notkun skal geyma lyfjapennann við lægri hita en 30 °C. Má ekki frjósa.
Hafið pennahettuna á til varnar gegn ljósi.

10. SÉRSTAKAR VARÚÐARRÁÐSTAFANIR VIÐ FÖRGUN LYFJALEIFA EÐA ÚRGANGS VEGNA LYFSINS ÞAR SEM VIÐ Á

11. NAFN OG HEIMILISFANG MARKAÐSLEYFISHAFA

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

12. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/17/1251/010 1 lyfjapenni og 4 einnota nálar
EU/1/17/1251/011 3 lyfjapennar og 12 einnota nálar

13. LOTUNÚMER

Lot

14. AFGREIÐSLUTILHÖGUN

15. NOTKUNARLEIÐBEININGAR

16. UPPLÝSINGAR MEÐ BLINDRALETRI

Ozempic 2 mg

17. EINKVÆMT AUÐKENNI – TVÍVÍTT STRIKAMERKI

Á pakkningunni er tvívítt strikamerki með einkvæmu auðkenni

18. EINKVÆMT AUÐKENNI – UPPLÝSINGAR SEM FÓLK GETUR LESIÐ

PC
SN
NN

LÁGMARKS UPPLÝSINGAR SEM SKULU KOMA FRAM Á INNRI UMBÚÐUM LÍTILLA EININGA

MIÐI Á ÁFYLLTUM LYFJAPENNA

1. HEITI LYFS OG ÍKOMULEIÐ

Ozempic 2 mg stungulyf
semaglutid
til notkunar undir húð

2. AÐFERÐ VIÐ LYFJAGJÖF

einu sinni í viku

3. FYRNINGARDAGSETNING

EXP

4. LOTUNÚMER

Lot

5. INNIHALD TILGREINT SEM ÞYNGD, RÚMMÁL EÐA FJÖLDI EININGA

3 ml
(4 skammtar)

6. ANNAÐ

Novo Nordisk A/S

B. FYLGISEÐILL

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglútíð (semaglutid)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ozempic
3. Hvernig nota á Ozempic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ozempic
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað

Ozempic inniheldur virka efnið semaglútíð. Það hjálpar líkamanum að minnka magn blóðsykurs, eingöngu þegar blóðsykurinn er of hár og getur átt þátt í að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2. Það hjálpar einnig við að hægja á versnandi nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 með verkunarmáta umfram blóðsykurslækkun.

Ozempic er notað til meðferðar hjá fullorðnum (18 ára og eldri) með sykursýki af tegund 2 þegar mataræði og hreyfing duga ekki:

- eitt og sér – þegar þú getur ekki notað metformín (annað sykursýkilyf) eða
- með öðrum sykursýkilyfjum – þegar þau nægja ekki til að stjórna blóðsykrinum. Þau geta verið lyf til inntöku eða til inndælingar eins og insúlín.

Mikilvægt er að halda áfram að fylgja áætlunum um mataræði og hreyfingu samkvæmt fyrirmælum læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins.

2. Áður en byrjað er að nota Ozempic

Ekki má nota Ozempic

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir semaglútíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en lyfið er notað.

Lyfið er ekki það sama og insúlín og þú átt ekki að nota það ef:

- þú ert með sykursýki af tegund 1 – sjúkdómur sem veldur því að líkaminn framleiðir ekki insúlín

- þú færð ketónblóðsýringu af völdum sykursýki – fylgikvilli sykursýki sem lýsir sér með háum blóðsykri, öndunarerfiðleikum, ruglástandi, miklum þorsta, sætri lykt af andardrætti eða sætu bragði eða málmbragði í munni.

Ozempic er ekki insúlín og því á ekki að nota það í staðinn fyrir insúlín.

Láttu lækinn vita að þú takir Ozempic ef fyrirhuguð er aðgerð með svæfingu.

Áhrif á meltingarkerfið

Meðan á meðferð með lyfinu stendur geturðu fundið fyrir ógleði eða uppköstum eða fengið niðurgang. Þessar aukaverkanir geta leitt til ofþornunar (vökvataps). Mikilvægt er að drekka nóg af vökva til að koma í veg fyrir ofþornun. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ert með nýrnasjúkdóm. Leitaðu ráða hjá læknum ef þú ert með spurningar eða áhyggjur.

Mikill og viðvarandi magaverkur sem er hugsanlega af völdum bráðrar brisbólgu

Ef þú finnur fyrir miklum og viðvarandi verkjum á kviðsvæðinu leitaðu tafarlaust til læknis þar sem þetta gæti verið einkenni bráðrar brisbólgu (bólga í brisinu). Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni bólgu í brisi í kafla 4.

Lágur blóðsykur (blóðsykursfall)

Ef þetta lyf er notað samhliða súlfónýlúrealyfi eða insúlíni getur það aukið hættuna á blóðsykursfalli. Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni blóðsykursfalls í kafla 4. Læknirinn gæti beðið þig að mæla blóðsykurinn. Það hjálpar læknum að ákveða hvort breyta þurfi skammtinum af súlfónýlúrealyfinu eða insúlíninu til að draga úr hættu á blóðsykursfalli.

Augnsjúkdómur af völdum sykursýki (sjónukvilli)

Ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki og notar insúlín getur þetta lyf leitt til þess að sjónin versni og getur þetta krafist meðferðar. Þú skalt láta lækinn vita ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki eða ef þú finnur fyrir augnvandamálum meðan á meðferð með lyfinu stendur. Ef þú ert mögulega með óstöðugan augnsjúkdóm af völdum sykursýki, er ekki mælt með því að þú notir Ozempic 2 mg.

Börn og unglingar

Notkun lyfsins er ekki ráðlögð hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára þar sem öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi hefur ekki enn verið staðfest.

Notkun annarra lyfja samhliða Ozempic

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin jurtalyf eða önnur lyf sem keypt voru án lyfseðils.

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn sérstaklega vita um önnur lyf sem innihalda eitthvað af eftirfarandi:

- Warfarín eða önnur svipuð lyf til inntöku sem draga úr blóðstorknun (segavarnarlyf til inntöku). Þú gætir þurft að fara oft í blóðprufur til að láta athuga hversu fljótt blóðið storknar.
- Ef þú notar insúlín mun læknirinn segja þér hvernig eigi að minnka skammt insúlíns og ráðleggja þér að mæla blóðsykurinn oftari til að koma í veg fyrir hækkun blóðsykurs og ketónblóðsýringu af völdum sykursýki (fylgikvilli sykursýki sem kemur fram þegar líkaminn getur ekki brotið niður glúkósa vegna þess að ekki er nægilegt magn insúlíns til staðar).

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Ekki má nota lyfið á meðgöngu þar sem ekki er vitað hvort það hefur áhrif á fóstur. Þar af leiðandi er notkun getnaðarvarna ráðlögð meðan á notkun lyfsins stendur. Ef þú vilt verða barnshafandi skaltu ræða við læknum hvernig hægt sé að breyta meðferðinni þar sem þú verður að hætta að nota lyfið að minnsta kosti 2 mánuðum áður. Ef þú verður þunguð meðan þú notar lyfið skaltu ræða strax við læknum þar sem hann þarf að breyta meðferðinni.

Ekki nota lyfið meðan á brjóstagjöf stendur þar sem ekki er vitað hvort það skilst út í brjóstamjól.

Akstur og notkun véla

Ólíklegt er að Ozempic hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Notkun lyfsins samhliða súlfónýlúrealýfi eða insúlíni getur leitt til blóðsykursfalls sem getur dregið úr einbeitingarhæfni. Þú skalt hvorki aka né nota vélar ef þú finnur fyrir einhverjum einkennum blóðsykursfalls. Sjá upplýsingar um aukna hættu á blóðsykursfalli í kafla 2, „Varnaðarorð og varúðarreglur“ og viðvörunareinkenni um blóðsykursfall í kafla 4. Ræddu við læknum til að fá frekari upplýsingar.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Ozempic

Notið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Hversu mikið á að nota

- Upphafsskammtur er 0,25 mg einu sinni í viku í fjórar vikur.
- Að fjórum vikum liðnum mun lækinn auka skammtinn í 0,5 mg einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 1 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 0,5 mg skammti einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 2 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 1 mg skammti einu sinni í viku.

Ekki breyta skammtinum nema lækinn hafi ráðlagt þér það.

Hvernig Ozempic er gefið

Ozempic er gefið með inndælingu undir húð. Ekki dæla lyfinu í æð eða í vöðva.

- Bestu staðirnir til inndælingar eru framan á lærum, framan á mitti (á kvið) og á upphandlegg.
- Áður en lyfjapenninn er notaður í fyrsta sinn mun lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn leiðbeina þér um notkun hans.

Ítarlegar notkunarleiðbeiningar eru á bakhlið fylgiseðilsins.

Hvenær á að nota Ozempic

- Nota á lyfið einu sinni í viku, helst á sama degi í hverri viku.
- Inndælingu má gefa hvenær sem er dagsins – óháð máltíðum.

Mælt er með því að skrifa vikudaginn sem er valinn (t.d. miðvikudagur) og dagsetninguna á öskjunu í hvert sinn sem lyfinu er dælt inn, til að muna eftir að sprauta sig með því aðeins einu sinni í viku.

Ef þörf er á má breyta vikudeginum fyrir inndælingu með lyfinu, svo framarlega sem a.m.k. 3 dagar hafa liðið frá síðustu inndælingu lyfsins. Þegar nýr vikudagur hefur verið valinn skal halda áfram að gefa skammt einu sinni í viku.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef þú notar stærri skammt af Ozempic en mælt er fyrir um hafðu þá samband við lækinn án tafar. Þú gætir fengið aukaverkanir eins og ógleði.

Ef gleymist að nota Ozempic

Ef þú gleymdir að dæla inn skammti og:

- 5 dagar eða færri eru frá því að þú áttir að nota Ozempic skaltu nota það um leið og þú manst eftir því. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.
- fleiri en 5 dagar eru liðnir síðan þú áttir að nota Ozempic skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Ozempic

Ekki skal hætta að nota lyfið án þess að ráðfæra sig við lækni. Ef notkun þess er hætt getur blóðsykurinn hækkað.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- fylgikvillar augnsjúkdóms af völdum sykursýki (sjónukvilli) – þú skalt láta lækinn vita ef þú finnur fyrir augnvandamálum, svo sem breytingum á sjón, meðan á meðferð með lyfinu stendur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bólga í brisi (bráð brisbólga) sem getur valdið verulegum maga- og bakverkjum sem hverfa ekki. Leitaðu tafarlaust til læknis ef þú færð slík einkenni.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðafnæmisviðbrögð, ofnæmisbjúgur). Þú verður að fá læknishjálp tafarlaust og láta lækinn strax vita ef þú færð einkenni eins og öndunarerfiðleika, þrota í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi ásamt kyngingarerfiðleikum og hraðan hjartslátt.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- þarmateppa, sem er alvarleg hægðatregða með viðbótareinkennum eins og magaverk, uppþembu, uppköstum og fleiri.

Aðrar aukaverkanir

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- ógleði – hættir yfirleitt með tímanum
- niðurgangur – hættir yfirleitt með tímanum
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað ásamt lyfjum af lyfjaflokki súlfónýlúrealyfja eða insúlíni

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- uppköst
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað samhliða sykursýkilyfi til inntöku öðru en súlfónýlúrealyfi, eða insúlíni

Viðvörunareinkenni um blóðsykursfall geta birst skyndilega. Þau geta m.a. verið: kaldur sviti, köld og fól húð, höfuðverkur, hraður hjartsláttur, ógleði eða mikil svengdartilfinning, breytingar á sjón, syfja eða þröttleysi, taugaóstyrkur, kvíði eða rugl, einbeitingarörðugleikar eða skjálfti.

Læknirinn segir þér hvernig á að meðhöndla blóðsykursfall og hvernig skal bregðast við þessum viðvörunareinkennum.

Líklegra er að þú fáir blóðsykursfall ef þú tekur einnig súlfónýlúrealyf eða insúlín. Læknirinn gæti minnkað skammta þessara lyfja áður en þú byrjar að nota lyfið.

- meltingartruflanir
- magabólga – einkennin eru m.a. magaverkur, ógleði eða uppköst
- bakflæði eða brjóstsviði – einnig kallað „maga-vélinda-bakflæðissjúkdómur“
- magaverkur
- magþemba
- hægðatregða
- ropi
- gallsteinar
- sundl
- þreyta
- þyngdartap
- minnkuð matarlyst
- vindgangur
- hækkun brisensíma (t.d. lípasa og amýlasa).

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bragðbreytingar á mat eða drykk
- hraður púls
- viðbrögð á stungustað – svo sem marblettir, verkur, erting, kláði og útbrot
- ofnæmisviðbrögð eins og útbrot, kláði eða ofsakláði
- seinkuð magatæming.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#). Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Ozempic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða lyfjapennans og öskjunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Áður en lyfið er opnað:

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa. Geymið fjarri kælikerfinu. Hafið pennahettuna á lyfjapennanum til varnar gegn ljósi.

Við notkun:

- Lyfjapennann má geyma í allt að 6 vikur við lægri hita en 30°C eða í kæli (2°C - 8°C), fjarri kælikerfinu. Ozempic má ekki frjósa og ekki skal nota lyfið ef það hefur frosið.
- Hafið hettuna á lyfjapennanum þegar hann er ekki í notkun, til varnar gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið ef þú tekur eftir að lausnin er ekki tær og litlaus eða nær litlaus.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Ozempic inniheldur

- Virka innihaldsefnið er semaglútíð. Einn ml af stungulyfi, lausn inniheldur 1,34 mg af semaglútíði. Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglútíði í 1,5 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,25 mg af semaglútíði í 0,19 ml.
- Önnur innihaldsefni eru: dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, vatn fyrir stungulyf, natríumhýdroxíð/saltsýra (til að stilla sýrustig). Sjá einnig kafla 2, „Natríuminnihald“.

Lýsing á útliti Ozempic og pakkingastærðir

Ozempic er tært og litlaust eða nær litlaust stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna.

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 1,5 ml af lausn og gefur fjóra 0,25 mg skammta.

Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn er fáanlegt í eftirfarandi pakkingastærð:

1 lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Novo Nordisk A/S

Novo Allé

DK-2880 Bagsværd



Danmörk


Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður




Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Leiðbeiningar um hvernig nota á Ozempic 0,25 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna	
Lestu þessar leiðbeiningar nákvæmlega yfir áður en áfyllti Ozempic lyfjapenninn er notaður. Ræddu við lækinn, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing um hvernig eigi að sprauta Ozempic á réttan hátt. Notaðu lyfið í þessum lyfjapenna einungis samkvæmt fyrirmælum læknisins. Byrjaðu á því að skoða pennann til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 0,25 mg, skoðaðu síðan skýringarmyndirnar hér fyrir neðan þannig að þú þekkir mismunandi hluta lyfjapennans og nálarinnar. Ef þú ert blind(ur) eða sérð illa og getur ekki lesið á skammtateljaraðstöðunni á lyfjapennanum skaltu ekki nota þennan lyfjapenna án aðstoðar. Fáðu hjálp hjá einhverjum með góða sjón sem veit hvernig á að nota áfyllta Ozempic lyfjapennann. Lyfjapenninn þinn er áfylltur skammtapenni (dial-a-dose). Hann inniheldur 2 mg af semaglú tíði og einungis er hægt að velja 0,25 mg skammta. Einn ónotaður lyfjapenni inniheldur fjóra 0,25 mg skammta. Þegar þessir fjórir skammtar hafa verið gefnir með inndælingu verður enn lausn eftir í lyfjapennanum. Pennanum á að farga. Notaðu töfluna innan á lokinu á öskjunni til að fylgjast með hversu margar inndælingar þú hefur notað og hvenær. Lyfjapenninn er hannaður til notkunar með 30G, 31G og 32G einnota nálum, allt að 8 mm löngum. NovoFine Plus nálar fylgja með í pakkningunni.	Ozempic áfylltur lyfjapenni og nál (dæmi) Pennahetta Ytri nálarhetta Innri nálarhetta Nál Pappírslipi Penna-gluggi Merkimiði á lyfjapenna Skammtateljari Skammtavísir Skammta-mælir Þrýsti-hnappur Flæðis-tákn
⚠ Mikilvægar upplýsingar Lesið eftirfarandi upplýsingar vandlega, þær eru mikilvægar fyrir örugga notkun lyfjapennans.	
1. Settu nýja nál á lyfjapennann	
Athugaðu nafnið og lítaðu merkimiðann á pennanum til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 0,25 mg. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú notar fleiri en eina tegund af lyfi til inndælingar. Notkun á röngu lyfi getur valdið heilsutjóni. Togaðu pennahettuna af.	A
Athugaðu hvort lausnin í lyfjapennanum sé tær og litlaus. Líttu í gegnum pennagluggann. Ef lausnin virðist skýjuð eða lituð skaltu ekki nota lyfjapennann.	B

• Taktu nýja nál. Athugaðu hvort pappírslípin og ytri nálarhetta séu með skemmdir sem gætu haft áhrif á dauðhreinsað ástand hlutanna. Notaðu nýja nál ef skemmdir sjást. • Fjarlægðu pappírslípan.	
Gakktu úr skugga um að nálin sitji rétt á. • Þrýstu nálinni beint ofan á lyfjapennann. • Skrúfaðu þar til nálin er föst.	
Nálin er hulin tveimur hettum. Þú verður að fjarlægja báðar hetturnar. Ef þú gleymir að fjarlægja báðar hetturnar mun engin lausn dælast inn. • Togaðu ytri nálarhettuna af og geymdu hana þar til síðar. Þú þarft að nota hana eftir inndælinguna til að fjarlægja nálina af lyfjapennanum á öruggan hátt.	
• Togaðu innri nálarhettuna af og fleygðu henni. Ef þú reynir að setja hana aftur á gætirðu stungið þig á nálinni fyrir slysi. Dropi af lausn getur komið fram á nálaroddinum. Þetta er eðlilegt en þú verður samt að athuga flæðið ef þú ert að nota nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Sjá skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“. Ekki setja nýja nál á lyfjapennann fyrir en þú ert reiðubúin/n til inndælingar.	
 Notaðu ávallt nýja nál við hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu og ónákvæma skömmtun.	
 Notaðu aldrei bognar eða skemmdar nálar.	
2. Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna	
• Ef lyfjapenninn er þegar í notkun skaltu fara í skref 3 „Skammtur valinn“. Einungis á að athuga flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna. • Snúðu skammtamælinum að flæðistákninu () rétt framhjá „0“. Gakktu úr skugga um að flæðistáknið sé í beinni línu við vísinn.	
• Haltu lyfjapennanum þannig að nálin vísi upp. Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri þar til skammtateljarinn sýnir aftur „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Dropi af lausn ætti að birtast á nálaroddinum.	

Lítill dropi gæti orðið eftir á nálaroddinum en hann dælist ekki inn. Ef enginn dropi birtist skaltu endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ allt að 6 sinnum. Ef enn sést enginn dropi skaltu skipta um nál og endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ einu sinni enn. Fargaðu lyfjapennanum og notaðu nýjan ef dropi af lausn birtist ekki samt sem áður.	
⚠ Gakktu ávallt úr skugga um að dropi sjáist á nálaroddinum áður en þú notar nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Þetta tryggir að lausnin flæðir. Ef enginn dropi birtist dælist ekkert lyf inn, jafnvel þótt skammtatæljarinn hreyfist. Þetta getur gefið til kynna að nálin sé stífluð eða skemmd. Ef þú athugar ekki flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna færðu mögulega ekki ávísaða skammtinn og tilætlaða verkun Ozempic.	
3. Skammtur valinn	
• Snúðu skammtamælinum til að velja 0,25 mg skammt. Haltu áfram að snúa þar til skammtatæljarinn stöðvast og sýnir 0,25 mg.	 Diagram A shows a hand turning the dose selector of the Ozempic pen. The selector is moved from 0 to 0.25 mg. A label indicates '0,25 mg valin' (0.25 mg selected).
Aðeins skammtatæljarinn og skammtavísirinn sýna að 0,25 mg hafa verið valin. Þú getur einungis valið 0,25 mg í hverjum skammti. Skammtamælirinn gefur frá sér mismunandi smelli þegar honum er snúið réttsælis, rangsælis eða fram hjá 0,25 mg. Ekki telja smellina í lyfjapennanum.	
⚠ Notaðu alltaf skammtatæljarann og skammtavísinn til að sjá að 0,25 mg hafa verið valin áður en þú dælir lyfinu inn. Ekki telja smellina í lyfjapennanum. Einungis má velja 0,25 mg skammta með skammtamælinum. 0,25 mg verður að vera í fullkomlega beinni línu við skammtavísinn til að tryggja að þú fáið réttan skammt.	
4. Skammti dælt inn	
• Stingdu nálinni í húðina eins og lækurinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sýnt þér. • Gættu þess að þú sjáir skammtatæljarann. Ekki hylja hann með fingrunum. Það gæti truflað inndælinguna.	 Diagram A shows a hand inserting the needle of the Ozempic pen into the skin. A downward arrow indicates the direction of insertion.
• Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri. Fylgstu með skammtatæljaranum fara aftur á „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Þú gætir heyrt eða fundið smell. • Haltu áfram að ýta á þrýstihnappinn með nálina í húðinni.	 Diagram B shows a hand pressing the push button of the Ozempic pen. The dose selector is shown moving back to 0. A label indicates '0'.
• Teldu hægt upp að 6 meðan þú ýtir á þrýstihnappinn. • Ef þú fjarlægir nálina fyrr gætir þú séð lausnina vætla út úr nálaroddinum. Ef svo er verður allur skammturinn ekki gefinn.	 Diagram C shows a hand pressing the push button of the Ozempic pen. A speech bubble indicates 'Teldu hægt: 1-2-3-4-5-6' (Count: 1-2-3-4-5-6).

Fjarlægðu nálina úr húðinni. Síðan máttu sleppa þrýstihnappinum. Ef blóð sést á stungustaðnum skaltu þrýsta létt á svæðið.	
Dropi af lausn getur sést á nálaroddinum eftir inndælingu. Það er eðlilegt og hefur engin áhrif á skammtinn sem þú varst að fá.	
⚠ Fylgstu alltaf með skammtateljaranum til að vita hversu mörgum milligrömmum þú dældir inn. Haltu þrýstihnappinum niðri þar til skammtateljariinn fer aftur á „0“. Hvernig bera á kennsl á stíflaða eða skemmda nál - Ef skammtateljariinn sýnir ekki „0“ eftir að þú hefur þrýst stöðugt á þrýstihnappinn, gætir þú hafa notað stíflaða eða skemmda nál. - Í þessu tilviki hefurðu ekki fengið neitt lyf – jafnvel þótt skammtateljariinn hafi færst frá upphaflega skammtinum sem þú stilltir. Hvernig meðhöndla á stíflaða nál Skiptu um nálina eins og lýst er í skrefi 5 „Eftir inndælinguna“ og endurtaktu öll skrefin frá 1. skrefi „Settu nýja nál á lyfjapennann“. Gættu þess að þú veljir allan skammtinn sem þú þarft. Snertu aldrei skammtateljaraðilinn við inndælingu. Það getur truflað inndælinguna.	
5. Eftir inndælinguna	
Fleygðu nálinni alltaf eftir hverja inndælingu til að tryggja auðveldu inndælingu og til að forðast stíflaðar nálar. Ef nálina er stífluð dælist ekkert lyf inn. Renndu nálaroddinum inn í ytri nálarhettuna á flötu yfirborði án þess að snerta nálina eða ytri nálarhettuna.	
- Þegar nálina er hulin skaltu með varúð ýta ytri nálarhettunni alveg á nálina. Skrúfaðu nálina af og fleygðu henni með varúð samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
Settu pennahettuna aftur á lyfjapennann eftir hverja notkun til að verja lausnina gegn ljósi.	
Þegar farga á lyfjapennanum skal gera það án nálarinnar samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
⚠ Aldrei reyna að setja innri nálarhettuna aftur á nálina. Þú gætir stungið þig á nálinni. ⚠ Fjarlægðu alltaf nálina af lyfjapennanum strax eftir hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu, leka lausnar og ónákvæma skömmtun.	
⚠ Frekari mikilvægar upplýsingar - Geymdu alltaf lyfjapennann og nálarnar þar sem aðrir hvorki ná til né sjá, sér í lagi börn. Ekki má deila lyfjapennanum eða nálunum með öðrum. - Umönnunaraðilar verða að gæta ýtrustu varúðar þegar þeir meðhöndla notaðar nálar til að koma í veg fyrir nálarstunguslys og smithættu.	
Umhirða lyfjapennans	
Vandaðu meðhöndlun þína á lyfjapennanum. Óvarfærin meðhöndlun eða misnotkun getur valdið	

ónákvæmri skömmtun. Ef þetta gerist færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins.
• Ekki skilja lyfjapennann eftir í bíl eða á öðrum stað þar sem það getur orðið of heitt eða of kalt. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur frosið. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur verið í beinu sólarljósi. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Haltu lyfjapennanum frá ryki, óhreinindum og vökva. • Ekki þvo, gegnbleyta eða smyrja lyfjapennann. Það má þvo hann með mildri sápu í rökum klút. • Ekki missa lyfjapennann eða slá honum utan í hart yfirborð. Ef þú missir hann eða grunar að hann sé bilaður skaltu setja á hann nýja nál og athuga flæðið fyrir inndælingu. • Ekki reyna að fylla á lyfjapennann. • Ekki reyna að gera við lyfjapennann eða taka hann í sundur.

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglútíð (semaglutid)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ozempic
3. Hvernig nota á Ozempic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ozempic
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað

Ozempic inniheldur virka efnið semaglútíð. Það hjálpar líkamanum að minnka magn blóðsykurs, eingöngu þegar blóðsykurinn er of hár og getur átt þátt í að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2. Það hjálpar einnig við að hægja á versnandi nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 með verkunarmáta umfram blóðsykurslækkun.

Ozempic er notað til meðferðar hjá fullorðnum (18 ára og eldri) með sykursýki af tegund 2 þegar mataræði og hreyfing duga ekki:

- eitt og sér – þegar þú getur ekki notað metformín (annað sykursýkilyf) eða
- með öðrum sykursýkilyfjum – þegar þau nægja ekki til að stjórna blóðsykrinum. Þau geta verið lyf til inntöku eða til inndælingar eins og insúlín.

Mikilvægt er að halda áfram að fylgja áætlunum um mataræði og hreyfingu samkvæmt fyrirmælum læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins.

2. Áður en byrjað er að nota Ozempic

Ekki má nota Ozempic

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir semaglútíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en lyfið er notað.

Lyfið er ekki það sama og insúlín og þú átt ekki að nota það ef:

- þú ert með sykursýki af tegund 1 – sjúkdómur sem veldur því að líkaminn framleiðir ekki insúlín

- þú færð ketónblóðsýringu af völdum sykursýki – fylgikvilli sykursýki sem lýsir sér með háum blóðsykri, öndunarerfiðleikum, ruglástandi, miklum þorsta, sætri lykt af andardrætti eða sætu bragði eða málmbragði í munni.

Ozempic er ekki insúlín og því á ekki að nota það í staðinn fyrir insúlín.

Láttu lækinn vita að þú takir Ozempic ef fyrirhuguð er aðgerð með svæfingu.

Áhrif á meltingarkerfið

Meðan á meðferð með lyfinu stendur geturðu fundið fyrir ógleði eða uppköstum eða fengið niðurgang. Þessar aukaverkanir geta leitt til ofþornunar (vökvataps). Mikilvægt er að drekka nóg af vökva til að koma í veg fyrir ofþornun. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ert með nýrnasjúkdóm. Leitaðu ráða hjá læknum ef þú ert með spurningar eða áhyggjur.

Mikill og viðvarandi magaverkur sem er hugsanlega af völdum bráðrar brisbólgu

Ef þú finnur fyrir miklum og viðvarandi verkjum á kviðsvæðinu leitaðu tafarlaust til læknis þar sem þetta gæti verið einkenni bráðrar brisbólgu (bólga í brisinu). Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni bólgu í brisi í kafla 4.

Lágur blóðsykur (blóðsykursfall)

Ef þetta lyf er notað samhliða súlfónýlúrealyfi eða insúlíni getur það aukið hættuna á blóðsykursfalli. Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni blóðsykursfalls í kafla 4. Læknirinn gæti beðið þig að mæla blóðsykurinn. Það hjálpar læknum að ákveða hvort breyta þurfi skammtinum af súlfónýlúrealyfinu eða insúlíninu til að draga úr hættu á blóðsykursfalli.

Augnsjúkdómur af völdum sykursýki (sjónukvilli)

Ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki og notar insúlín getur þetta lyf leitt til þess að sjónin versni og getur þetta krafist meðferðar. Þú skalt láta lækinn vita ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki eða ef þú finnur fyrir augnvandamálum meðan á meðferð með lyfinu stendur. Ef þú ert mögulega með óstöðugan augnsjúkdóm af völdum sykursýki, er ekki mælt með því að þú notir Ozempic 2 mg.

Börn og unglingar

Notkun lyfsins er ekki ráðlögð hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára þar sem öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi hefur ekki enn verið staðfest.

Notkun annarra lyfja samhliða Ozempic

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin jurtalyf eða önnur lyf sem keypt voru án lyfseðils.

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn sérstaklega vita um önnur lyf sem innihalda eitthvað af eftirfarandi:

- Warfarín eða önnur svipuð lyf til inntöku sem draga úr blóðstorknun (segavarnarlyf til inntöku). Þú gætir þurft að fara oft í blóðprufur til að láta athuga hversu fljótt blóðið storknar.
- Ef þú notar insúlín mun læknirinn segja þér hvernig eigi að minnka skammt insúlíns og ráðleggja þér að mæla blóðsykurinn oftari til að koma í veg fyrir hækkun blóðsykurs og ketónblóðsýringu af völdum sykursýki (fylgikvilli sykursýki sem kemur fram þegar líkaminn getur ekki brotið niður glúkósa vegna þess að ekki er nægilegt magn insúlíns til staðar).

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Ekki má nota lyfið á meðgöngu þar sem ekki er vitað hvort það hefur áhrif á fóstur. Þar af leiðandi er notkun getnaðarvarna ráðlögð meðan á notkun lyfsins stendur. Ef þú vilt verða barnshafandi skaltu ræða við læknum hvernig hægt sé að breyta meðferðinni þar sem þú verður að hætta að nota lyfið að minnsta kosti 2 mánuðum áður. Ef þú verður þunguð meðan þú notar lyfið skaltu ræða strax við læknum þar sem hann þarf að breyta meðferðinni.

Ekki nota lyfið meðan á brjóstagjöf stendur þar sem ekki er vitað hvort það skilst út í brjóstamjól.

Akstur og notkun véla

Ólíklegt er að Ozempic hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Notkun lyfsins samhlíða súlfónýlúrealýfi eða insúlíni getur leitt til blóðsykursfalls sem getur dregið úr einbeitingarhæfni. Þú skalt hvorki aka né nota vélar ef þú finnur fyrir einhverjum einkennum blóðsykursfalls. Sjá upplýsingar um aukna hættu á blóðsykursfalli í kafla 2, „Varnaðarorð og varúðarreglur“ og viðvörunareinkenni um blóðsykursfall í kafla 4. Ræddu við læknum til að fá frekari upplýsingar.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Ozempic

Notið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Hversu mikið á að nota

- Upphafsskammtur er 0,25 mg einu sinni í viku í fjórar vikur.
- Að fjórum vikum liðnum mun lækinn auka skammtinn í 0,5 mg einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 1 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 0,5 mg skammti einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 2 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 1 mg skammti einu sinni í viku.

Ekki breyta skammtinum nema lækinn hafi ráðlagt þér það.

Hvernig Ozempic er gefið

Ozempic er gefið með inndælingu undir húð. Ekki dæla lyfinu í æð eða í vöðva.

- Bestu staðirnir til inndælingar eru framan á lærum, framan á mitti (á kvið) og á upphandlegg.
- Áður en lyfjapenninn er notaður í fyrsta sinn mun lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn leiðbeina þér um notkun hans.

Ítarlegar notkunarleiðbeiningar eru á bakhlið fylgiseðilsins.

Hvenær á að nota Ozempic

- Nota á lyfið einu sinni í viku, helst á sama degi í hverri viku.
- Inndælingu má gefa hvenær sem er dagsins – óháð máltíðum.

Mælt er með því að skrifa vikudaginn sem er valinn (t.d. miðvikudagur) og dagsetninguna á öskjunu í hvert sinn sem lyfinu er dælt inn, til að muna eftir að sprauta sig með því aðeins einu sinni í viku.

Ef þörf er á má breyta vikudeginum fyrir inndælingu með lyfinu, svo framarlega sem a.m.k. 3 dagar hafa liðið frá síðustu inndælingu lyfsins. Þegar nýr vikudagur hefur verið valinn skal halda áfram að gefa skammt einu sinni í viku.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef þú notar stærri skammt af Ozempic en mælt er fyrir um hafðu þá samband við lækinn án tafar. Þú gætir fengið aukaverkanir eins og ógleði.

Ef gleymist að nota Ozempic

Ef þú gleymdir að dæla inn skammti og:

- 5 dagar eða færri eru frá því að þú áttir að nota Ozempic skaltu nota það um leið og þú manst eftir því. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.
- fleiri en 5 dagar eru liðnir síðan þú áttir að nota Ozempic skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Ozempic

Ekki skal hætta að nota lyfið án þess að ráðfæra sig við lækni. Ef notkun þess er hætt getur blóðsykurinn hækkað.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- fylgikvillar augnsjúkdóms af völdum sykursýki (sjónukvilli) – þú skalt láta lækinn vita ef þú finnur fyrir augnvandamálum, svo sem breytingum á sjón, meðan á meðferð með lyfinu stendur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bólga í brisi (bráð brisbólga) sem getur valdið verulegum maga- og bakverkjum sem hverfa ekki. Leitaðu tafarlaust til læknis ef þú færð slík einkenni.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðafnæmisviðbrögð, ofnæmisbjúgur). Þú verður að fá læknishjálp tafarlaust og láta lækinn strax vita ef þú færð einkenni eins og öndunarerfiðleika, þrota í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi ásamt kyngingarerfiðleikum og hraðan hjartslátt.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- þarmateppa, sem er alvarleg hægðatregða með viðbótareinkennum eins og magaverk, uppþembu, uppköstum og fleiri.

Aðrar aukaverkanir

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- ógleði – hættir yfirleitt með tímanum
- niðurgangur – hættir yfirleitt með tímanum
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað ásamt lyfjum af lyfjaflokki súlfónýlúrealyfja eða insúlíni

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- uppköst
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað samhliða sykursýkilyfi til inntöku öðru en súlfónýlúrealyfi, eða insúlíni

Viðvörunareinkenni um blóðsykursfall geta birst skyndilega. Þau geta m.a. verið: kaldur sviti, köld og fól húð, höfuðverkur, hraður hjartsláttur, ógleði eða mikil svengdartilfinning, breytingar á sjón, syfja eða þröttleysi, taugaóstyrkur, kvíði eða rugl, einbeitingarörðugleikar eða skjálfti.

Læknirinn segir þér hvernig á að meðhöndla blóðsykursfall og hvernig skal bregðast við þessum viðvörunareinkennum.

Líklegra er að þú fáir blóðsykursfall ef þú tekur einnig súlfónýlúrealyf eða insúlín. Læknirinn gæti minnkað skammta þessara lyfja áður en þú byrjar að nota lyfið.

- meltingartruflanir
- magabólga – einkennin eru m.a. magaverkur, ógleði eða uppköst
- bakflæði eða brjóstsviði – einnig kallað „maga-vélinda-bakflæðissjúkdómur“
- magaverkur
- magapemba
- hægðatregða
- ropi
- gallsteinar
- sundl
- þreyta
- þyngdartap
- minnkuð matarlyst
- vindgangur
- hækkun brisensíma (t.d. lípasa og amýlasa).

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bragðbreytingar á mat eða drykk
- hraður púls
- viðbrögð á stungustað – svo sem marblettir, verkur, erting, kláði og útbrot
- ofnæmisviðbrögð eins og útbrot, kláði eða ofsakláði
- seinkuð magatæming.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Ozempic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða lyfjapennans og öskjunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Áður en lyfið er opnað:

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa. Geymið fjarri kælikerfinu. Hafið pennahettuna á lyfjapennanum til varnar gegn ljósi.

Við notkun:

- Lyfjapennann má geyma í allt að 6 vikur við lægri hita en 30°C eða í kæli (2°C - 8°C), fjarri kælikerfinu. Ozempic má ekki frjósa og ekki skal nota lyfið ef það hefur frosið.
- Hafið hettuna á lyfjapennanum þegar hann er ekki í notkun, til varnar gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið ef þú tekur eftir að lausnin er ekki tær og litlaus eða nær litlaus.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Ozempic inniheldur

- Virka innihaldsefnið er semaglútíð
- 1,5 ml: Einn ml af stungulyfi, lausn inniheldur 1,34 mg af semaglútíði. Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglútíði í 1,5 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,5 mg af semaglútíði í 0,37 ml.
- 3 ml: Einn ml af stungulyfi, lausn inniheldur 0,68 mg af semaglútíði. Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 2 mg af semaglútíði í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 0,5 mg af semaglútíði í 0,74 ml.
- Önnur innihaldsefni eru: dínatríumfosfatdihýdrat, própýlenglýkól, fenól, vatn fyrir stungulyf, natriumhýdroxíð/saltsýra (til að stilla sýrustig). Sjá einnig kafla 2, „Natríuminnihald“.

Lýsing á útliti Ozempic og pakkningastærðir

Ozempic er tært og litlaust eða nær litlaust stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna.

1,5 ml: Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 1,5 ml af lausn og gefur fjóra 0,5 mg skammta.

3 ml: Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn og gefur fjóra 0,5 mg skammta.

Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn er fáanlegt í eftirfarandi pakkningastærðum:

1 lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar.

3 lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Novo Nordisk A/S

Novo Allé

DK-2880 Bagsværd



Danmörk



Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður


Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar


Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Leiðbeiningar um hvernig nota á Ozempic 0,5 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna	
Lestu þessar leiðbeiningar nákvæmlega yfir áður en áfyllti Ozempic lyfjapenninn er notaður. Ræddu við lækinn, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing um hvernig eigi að sprauta Ozempic á réttan hátt. Byrjaðu á því að skoða pennann til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 0,5 mg, skoðaðu síðan skýringarmyndirnar hér fyrir neðan þannig að þú þekkir mismunandi hluta lyfjapennans og nálarinnar. Ef þú ert blind(ur) eða sérð illa og getur ekki lesið á skammtateljaraðstöðunni á lyfjapennanum skaltu ekki nota þennan lyfjapenna án aðstoðar. Fáðu hjálp hjá einhverjum með góða sjón sem veit hvernig á að nota áfyllta Ozempic lyfjapennann. Lyfjapenninn þinn er áfylltur skammtapenni (dial-a-dose). Hann inniheldur 2 mg af semaglú tíði og einungis er hægt að velja 0,5 mg skammta. Einn ónotaður lyfjapenni inniheldur fjóra 0,5 mg skammta. Notaðu töfluna innan á lokinu á öskjunni til að fylgjast með hversu margar inndælingar þú hefur notað og hvenær. Lyfjapenninn er hannaður til notkunar með 30G, 31G og 32G einnota nálum, allt að 8 mm löngum. NovoFine Plus nálar fylgja með í pakkningunni. Athugið: Penninn þinn gæti verið af annarri stærð en sá sem er sýndur á myndinni. Þessar leiðbeiningar eiga við alla Ozempic 0,5 mg lyfjapenna.	Ozempic áfylltur lyfjapenni og nál (dæmi) Diagram labels: Pennahetta, Ytri nálarhetta, Innri nálarhetta, Nál, Pappírslipi, Penna-gluggi, Merkimiði á lyfjapenna, Skammtateljari, Skammtavísir, Skammta-mælir, Þrýsti-hnappur, Flæðis-tákn.
Mikilvægar upplýsingar Lesið eftirfarandi upplýsingar vandlega, þær eru mikilvægar fyrir örugga notkun lyfjapennans.	
1. Settu nýja nál á lyfjapennann	
Athugaðu nafnið og lítaðu merkimiðann á pennanum til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 0,5 mg. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú notar fleiri en eina tegund af lyfi til inndælingar. Notkun á röngu lyfi getur valdið heilsutjóni. Togaðu pennahettuna af.	
Athugaðu hvort lausnin í lyfjapennanum sé tær og litlaus. Líttu í gegnum pennagluggann. Ef lausnin virðist skýjuð eða lituð skaltu ekki nota lyfjapennann.	

• Taktu nýja nál. Athugaðu hvort pappírslípin og ytri nálarhetta séu með skemmdir sem gætu haft áhrif á dauðhreinsað ástand hlutanna. Notaðu nýja nál ef skemmdir sjást. • Fjarlægðu pappírslípan.	
Gakktu úr skugga um að nálin sitji rétt á. • Þrýstu nálinni beint ofan á lyfjapennann. • Skrúfaðu þar til nálin er föst.	
Nálin er hulin tveimur hettum. Þú verður að fjarlægja báðar hetturnar. Ef þú gleymir að fjarlægja báðar hetturnar mun engin lausn dælast inn. • Togaðu ytri nálarhettuna af og geymdu hana þar til síðar. Þú þarft að nota hana eftir inndælinguna til að fjarlægja nálina af lyfjapennanum á öruggan hátt.	
• Togaðu innri nálarhettuna af og fleygðu henni. Ef þú reynir að setja hana aftur á gætirðu stungið þig á nálinni fyrir slýsni. Dropi af lausn getur komið fram á nálaroddinum. Þetta er eðlilegt en þú verður samt að athuga flæðið ef þú ert að nota nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Sjá skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“. Ekki setja nýja nál á lyfjapennann fyrr en þú ert reiðubúin/n til inndælingar.	
 Notaðu ávallt nýja nál við hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu og ónákvæma skömmtun.	
 Notaðu aldrei bognar eða skemmdar nálar.	
2. Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna	
• Ef lyfjapenninn er þegar í notkun skaltu fara í skref 3 „Skammtur valinn“. Einungis á að athuga flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna. • Snúðu skammtamælinum að flæðistákninu (•• —) rétt framhjá „0“. Gakktu úr skugga um að flæðistáknið sé í beinni línu við vísinn.	
• Haltu lyfjapennanum þannig að nálin vísi upp. Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri þar til skammtateljarinn sýnir aftur „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Dropi af lausn ætti að birtast á nálaroddinum.	

Lítill dropi gæti orðið eftir á nálaroddinum en hann dælist ekki inn. Ef enginn dropi birtist skaltu endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ allt að 6 sinnum. Ef enn sést enginn dropi skaltu skipta um nál og endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ einu sinni enn. Fargaðu lyfjapennanum og notaðu nýjan ef dropi af lausn birtist ekki samt sem áður.	
⚠ Gakktu ávallt úr skugga um að dropi sjáist á nálaroddinum áður en þú notar nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Þetta tryggir að lausnin flæðir. Ef enginn dropi birtist dælist ekkert lyf inn, jafnvel þótt skammtateljariinn hreyfist. Þetta getur gefið til kynna að nálin sé stífluð eða skemmd. Ef þú athugar ekki flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna færðu mögulega ekki ávísaða skammtinn og tilætlaða verkun Ozempic.	
3. Skammtur valinn	
• Snúðu skammtamælinum til að velja 0,5 mg skammt. Haltu áfram að snúa þar til skammtateljariinn stöðvast og sýnir 0,5 mg.	
Aðeins skammtateljariinn og skammtavísirinn sýna að 0,5 mg hafa verið valin. Þú getur einungis valið 0,5 mg í hverjum skammti. Þegar lyfjapenninn inniheldur minna en 0,5 mg stöðvast skammtateljariinn áður en 0,5 sést. Skammtamælinirinn gefur frá sér mismunandi smelli þegar honum er snúið réttisælis, rangsælis eða fram hjá 0,5 mg. Ekki telja smellina í lyfjapennanum.	
⚠ Notaðu alltaf skammtateljara og skammtavísirinn til að sjá að 0,5 mg hafa verið valin áður en þú dælir lyfinu inn. Ekki telja smellina í lyfjapennanum. Einungis má velja 0,5 mg skammta með skammtamælinum. 0,5 mg verður að vera í fullkomlega beinni línu við skammtavísirinn til að tryggja að þú fáið réttan skammt.	
Hversu mikil lausn er eftir	
• Notaðu skammtateljara til að sjá hversu mikil lausn er eftir: Snúðu skammtamælinum þar til skammtateljariinn stöðvast. - Ef hann sýnir 0.5 eru að minnsta kosti 0,5 mg eftir í lyfjapennanum. - Ef skammtateljariinn stöðvast áður en hann sýnir 0.5 mg, er ekki nóg lausn eftir til að gefa heilan 0,5 mg skammt.	
⚠ Ef ekki er nóg lausn eftir í lyfjapennanum til að gefa allan skammtinn skaltu ekki nota hann. Notaðu nýjan Ozempic lyfjapenna.	
4. Skammti dælt inn	
• Stingdu nálinni í húðina eins og læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sýnt þér. • Gættu þess að þú sjáir skammtateljara. Ekki hylja hann með fingrunum. Það gæti truflað inndælinguna.	

• Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri. Fylgstu með skammtateljaranum fara aftur á „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Þú gætir heyrt eða fundið smell. • Haltu áfram að ýta á þrýstihnappinn með nálina í húðinni.	
• Teldu hægt upp að 6 meðan þú ýtir á þrýstihnappinn. • Ef þú fjarlægir nálina fyrir gætir þú séð lausnina vætla út úr nálaroddinum. Ef svo er verður allur skammturinn ekki gefinn.	
• Fjarlægðu nálina úr húðinni. Síðan máttu sleppa þrýstihnappinum. Ef blóð sést á stungustaðnum skaltu þrýsta létt á svæðið.	
Dropi af lausn getur sést á nálaroddinum eftir inndælingu. Það er eðlilegt og hefur engin áhrif á skammtinn sem þú varst að fá.	
 Fylgstu alltaf með skammtateljaranum til að vita hversu mörgum milligrömmum þú dældir inn. Haltu þrýstihnappinum niðri þar til skammtateljarinn fer aftur á „0“. Hvernig bera á kennsl á stíflaða eða skemmda nál – Ef skammtateljarinn sýnir ekki „0“ eftir að þú hefur þrýst stöðugt á þrýstihnappinn, gætir þú hafa notað stíflaða eða skemmda nál. – Í þessu tilviki hefurðu ekki fengið neitt lyf – jafnvel þótt skammtateljarinn hafi færst frá upphaflega skammtinum sem þú stilltir. Hvernig meðhöndla á stíflaða nál Skiptu um nálina eins og lýst er í skrefi 5 „Eftir inndælinguna“ og endurtaktu öll skrefin frá 1. skrefi „Settu nýja nál á lyfjapennann“. Gættu þess að þú veljir allan skammtinn sem þú þarft. Snertu aldrei skammtateljarann við inndælingu. Það getur truflað inndælinguna.	
5. Eftir inndælinguna	
Fleygðu nálinni alltaf eftir hverja inndælingu til að tryggja auðveldu inndælingu og til að forðast stíflaðar nálar. Ef nálina er stífluð dælist ekkert lyf inn. • Renndu nálaroddinum inn í ytri nálarhettuna á flötu yfirborði án þess að snerta nálina eða ytri nálarhettuna.	
• Þegar nálina er hulin skaltu með varúð ýta ytri nálarhettunni alveg á nálina. • Skrúfaðu nálina af og fleygðu henni með varúð samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	

• Settu pennahettuna aftur á lyfjapennann eftir hverja notkun til að verja lausnina gegn ljósi.	
Þegar lyfjapenninn er tómur skaltu farga honum án nálarinnar samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
 Aldrei reyna að setja innri nálarhettuna aftur á nálina. Þú gætir stungið þig á nálinni.	
 Fjarlægðu alltaf nálina af lyfjapennanum strax eftir hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu, leka lausnar og ónákvæma skömmtun.	
 Frekari mikilvægar upplýsingar	
• Geymdu alltaf lyfjapennann og nálarnar þar sem aðrir hvorki ná til né sjá, sér í lagi börn. • Ekki má deila lyfjapennanum eða nálunum með öðrum. • Umönnunaraðilar verða að gæta ýtrustu varúðar þegar þeir meðhöndla notaðar nálar til að koma í veg fyrir nálarstunguslys og smíðu.	
Umhirða lyfjapennans	
Vandaðu meðhöndlun þína á lyfjapennanum. Óvarfærin meðhöndlun eða misnotkun getur valdið ónákvæmri skömmtun. Ef þetta gerist færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins.	
• Ekki skilja lyfjapennann eftir í bíl eða á öðrum stað þar sem það getur orðið of heitt eða of kalt. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur frosið. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur verið í beinu sólarljósi. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Haltu lyfjapennanum frá ryki, óhreinindum og vökva. • Ekki þvo, gegnbleyta eða smyrja lyfjapennann. Það má þvo hann með mildri sápu í rökum klút. • Ekki missa lyfjapennann eða slá honum utan í hart yfirborð. Ef þú missir hann eða grunar að hann sé bilaður skaltu setja á hann nýja nál og athuga flæðið fyrir inndælingu. • Ekki reyna að fylla á lyfjapennann. Þegar lyfjapenninn er tómur skal farga honum. • Ekki reyna að gera við lyfjapennann eða taka hann í sundur.	

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Ozempic 1 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglútíð (semaglutid)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ozempic
3. Hvernig nota á Ozempic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ozempic
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað

Ozempic inniheldur virka efnið semaglútíð. Það hjálpar líkamanum að minnka magn blóðsykurs, eingöngu þegar blóðsykurinn er of hár og getur átt þátt í að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2. Það hjálpar einnig við að hægja á versnandi nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 með verkunarmáta umfram blóðsykurslækkun.

Ozempic er notað til meðferðar hjá fullorðnum (18 ára og eldri) með sykursýki af tegund 2 þegar mataræði og hreyfing duga ekki:

- eitt og sér – þegar þú getur ekki notað metformín (annað sykursýkilyf) eða
- með öðrum sykursýkilyfjum – þegar þau nægja ekki til að stjórna blóðsykrinum. Þau geta verið lyf til inntöku eða til inndælingar eins og insúlín.

Mikilvægt er að halda áfram að fylgja áætlunum um mataræði og hreyfingu samkvæmt fyrirmælum læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins.

2. Áður en byrjað er að nota Ozempic

Ekki má nota Ozempic

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir semaglútíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en lyfið er notað.

Lyfið er ekki það sama og insúlín og þú átt ekki að nota það ef:

- þú ert með sykursýki af tegund 1 – sjúkdómur sem veldur því að líkaminn framleiðir ekki insúlín

- Þú færð ketónblóðsýringu af völdum sykursýki – fylgikvilli sykursýki sem lýsir sér með háum blóðsykri, öndunarerfiðleikum, ruglástandi, miklum þorsta, sætri lykt af andardrætti eða sætu bragði eða málmbragði í munni.

Ozempic er ekki insúlín og því á ekki að nota það í staðinn fyrir insúlín.

Láttu lækinn vita að þú takir Ozempic ef fyrirhuguð er aðgerð með svæfingu.

Áhrif á meltingarkerfið

Meðan á meðferð með lyfinu stendur geturðu fundið fyrir ógleði eða uppköstum eða fengið niðurgang. Þessar aukaverkanir geta leitt til ofþornunar (vökvataps). Mikilvægt er að drekka nóg af vökva til að koma í veg fyrir ofþornun. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ert með nýrnasjúkdóm. Leitaðu ráða hjá læknum ef þú ert með spurningar eða áhyggjur.

Mikill og viðvarandi magaverkur sem er hugsanlega af völdum bráðrar brisbólgu

Ef þú finnur fyrir miklum og viðvarandi verkjum á kviðsvæðinu leitaðu tafarlaust til læknis þar sem þetta gæti verið einkenni bráðrar brisbólgu (bólga í brisinu). Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni bólgu í brisi í kafla 4.

Lágur blóðsykur (blóðsykursfall)

Ef þetta lyf er notað samhliða súlfónýlúrealyfi eða insúlíni getur það aukið hættuna á blóðsykursfalli. Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni blóðsykursfalls í kafla 4. Læknirinn gæti beðið þig að mæla blóðsykurinn. Það hjálpar læknum að ákveða hvort breyta þurfi skammtinum af súlfónýlúrealyfinu eða insúlíninu til að draga úr hættu á blóðsykursfalli.

Augnsjúkdómur af völdum sykursýki (sjónukvilli)

Ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki og notar insúlín getur þetta lyf leitt til þess að sjónin versni og getur þetta krafist meðferðar. Þú skalt láta lækinn vita ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki eða ef þú finnur fyrir augnvandamálum meðan á meðferð með lyfinu stendur. Ef þú ert mögulega með óstöðugan augnsjúkdóm af völdum sykursýki, er ekki mælt með því að þú notir Ozempic 2 mg.

Börn og unglingar

Notkun lyfsins er ekki ráðlögð hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára þar sem öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi hefur ekki enn verið staðfest.

Notkun annarra lyfja samhliða Ozempic

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin jurtalyf eða önnur lyf sem keypt voru án lyfseðils.

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn sérstaklega vita um önnur lyf sem innihalda eitthvað af eftirfarandi:

- Warfarín eða önnur svipuð lyf til inntöku sem draga úr blóðstorknun (segavarnarlyf til inntöku). Þú gætir þurft að fara oft í blóðprufur til að láta athuga hversu fljótt blóðið storknar.
- Ef þú notar insúlín mun læknirinn segja þér hvernig eigi að minnka skammt insúlíns og ráðleggja þér að mæla blóðsykurinn oftari til að koma í veg fyrir hækkun blóðsykurs og ketónblóðsýringu af völdum sykursýki (fylgikvilli sykursýki sem kemur fram þegar líkaminn getur ekki brotið niður glúkósa vegna þess að ekki er nægilegt magn insúlíns til staðar).

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Ekki má nota lyfið á meðgöngu þar sem ekki er vitað hvort það hefur áhrif á fóstur. Þar af leiðandi er notkun getnaðarvarna ráðlögð meðan á notkun lyfsins stendur. Ef þú vilt verða barnshafandi skaltu ræða við læknum hvernig hægt sé að breyta meðferðinni þar sem þú verður að hætta að nota lyfið að minnsta kosti 2 mánuðum áður. Ef þú verður þunguð meðan þú notar lyfið skaltu ræða strax við læknum þar sem hann þarf að breyta meðferðinni.

Ekki nota lyfið meðan á brjóstagjöf stendur þar sem ekki er vitað hvort það skilst út í brjóstamjól.

Akstur og notkun véla

Ólíklegt er að Ozempic hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Notkun lyfsins samhlíða súlfónýlúrealýfi eða insúlíni getur leitt til blóðsykursfalls sem getur dregið úr einbeitingarhæfni. Þú skalt hvorki aka né nota vélar ef þú finnur fyrir einhverjum einkennum blóðsykursfalls. Sjá upplýsingar um aukna hættu á blóðsykursfalli í kafla 2, „Varnaðarorð og varúðarreglur“ og viðvörunareinkenni um blóðsykursfall í kafla 4. Ræddu við læknum til að fá frekari upplýsingar.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Ozempic

Notið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Hversu mikið á að nota

- Upphafsskammtur er 0,25 mg einu sinni í viku í fjórar vikur.
- Að fjórum vikum liðnum mun lækinn auka skammtinn í 0,5 mg einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 1 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 0,5 mg skammti einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 2 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 1 mg skammti einu sinni í viku.

Ekki breyta skammtinum nema lækinn hafi ráðlagt þér það.

Hvernig Ozempic er gefið

Ozempic er gefið með inndælingu undir húð. Ekki dæla lyfinu í æð eða í vöðva.

- Bestu staðirnir til inndælingar eru framan á lærum, framan á mitti (á kvið) og á upphandlegg.
- Áður en lyfjapenninn er notaður í fyrsta sinn mun lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn leiðbeina þér um notkun hans.

Ítarlegar notkunarleiðbeiningar eru á bakhlið fylgiseðilsins.

Hvenær á að nota Ozempic

- Nota á lyfið einu sinni í viku, helst á sama degi í hverri viku.
- Inndælingu má gefa hvenær sem er dagsins – óháð máltíðum.

Mælt er með því að skrifa vikudaginn sem er valinn (t.d. miðvikudagur) og dagsetninguna á öskjuna í hvert sinn sem lyfinu er dælt inn, til að muna eftir að sprauta sig með því aðeins einu sinni í viku.

Ef þörf er á má breyta vikudeginum fyrir inndælingu með lyfinu, svo framarlega sem a.m.k. 3 dagar hafa liðið frá síðustu inndælingu lyfsins. Þegar nýr vikudagur hefur verið valinn skal halda áfram að gefa skammt einu sinni í viku.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef þú notar stærri skammt af Ozempic en mælt er fyrir um hafðu þá samband við lækinn án tafar. Þú gætir fengið aukaverkanir eins og ógleði.

Ef gleymist að nota Ozempic

Ef þú gleymdir að dæla inn skammti og:

- 5 dagar eða færri eru frá því að þú áttir að nota Ozempic skaltu nota það um leið og þú manst eftir því. Dædu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.
- fleiri en 5 dagar eru liðnir síðan þú áttir að nota Ozempic skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist. Dædu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Ozempic

Ekki skal hætta að nota lyfið án þess að ráðfæra sig við lækni. Ef notkun þess er hætt getur blóðsykurinn hækkað.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- fylgikvillar augnsjúkdóms af völdum sykursýki (sjónukvilli) – þú skalt láta lækinn vita ef þú finnur fyrir augnvandamálum, svo sem breytingum á sjón, meðan á meðferð með lyfinu stendur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bólga í brisi (bráð brisbólga) sem getur valdið verulegum maga- og bakverkjum sem hverfa ekki. Leitaðu tafarlaust til læknis ef þú færð slík einkenni.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðafnæmisviðbrögð, ofnæmisbjúgur). Þú verður að fá læknishjálp tafarlaust og láta lækinn strax vita ef þú færð einkenni eins og öndunarerfiðleika, þrota í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi ásamt kyngingarerfiðleikum og hraðan hjartslátt.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- þarmateppa, sem er alvarleg hægðatregða með viðbótareinkennum eins og magaverk, uppþembu, uppköstum og fleiri.

Aðrar aukaverkanir

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- ógleði – hættir yfirleitt með tímanum
- niðurgangur – hættir yfirleitt með tímanum
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað ásamt lyfjum af lyfjaflokki súlfónýlúrealyfja eða insúlíni.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- uppköst
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað samhliða sykursýkilyfi til inntöku öðru en súlfónýlúrealyfi, eða insúlíni.

Viðvörunareinkenni um blóðsykursfall geta birst skyndilega. Þau geta m.a. verið: kaldur sviti, köld og fól húð, höfuðverkur, hraður hjartsláttur, ógleði eða mikil svengdartilfinning, breytingar á sjón, syfja eða þröttleysi, taugaóstyrkur, kvíði eða rugl, einbeitingarörðugleikar eða skjálfti.

Læknirinn segir þér hvernig á að meðhöndla blóðsykursfall og hvernig skal bregðast við þessum viðvörunareinkennum.

Líklegra er að þú fáir blóðsykursfall ef þú tekur einnig súlfónýlúrealyf eða insúlín. Læknirinn gæti minnkað skammta þessara lyfja áður en þú byrjar að nota lyfið.

- meltingartruflanir
- magabólga – einkennin eru m.a. magaverkur, ógleði eða uppköst
- bakflæði eða brjóstsviði – einnig kallað „maga-vélinda-bakflæðissjúkdómur“
- magaverkur
- magapemba
- hægðatregða
- ropi
- gallsteinar
- sundl
- þreyta
- þyngdartap
- minnkuð matarlyst
- vindgangur
- hækkun brisensíma (t.d. lípasa og amýlasa).

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bragðbreytingar á mat eða drykk
- hraður púls
- viðbrögð á stungustað – svo sem marblettir, verkur, erting, kláði og útbrot
- ofnæmisviðbrögð eins og útbrot, kláði eða ofsakláði
- seinkuð magatæming.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Ozempic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða lyfjapennans og öskjunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Áður en lyfið er opnað:

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa. Geymið fjarri kælikerfinu. Hafið pennahettuna á lyfjapennanum til varnar gegn ljósi.

Við notkun:

- Lyfjapennann má geyma í allt að 6 vikur við lægri hita en 30°C eða í kæli (2°C - 8°C), fjarri kælikerfinu. Ozempic má ekki frjósa og ekki skal nota lyfið ef það hefur frosið.
- Hafið hettuna á lyfjapennanum þegar hann er ekki í notkun, til varnar gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið ef þú tekur eftir að lausnin er ekki tær og litlaus eða nær litlaus.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Ozempic inniheldur

- Virka innihaldsefnið er semaglútíð. Einn ml af stungulyfi, lausn inniheldur 1,34 mg af semaglútíði. Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 4 mg af semaglútíði í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 1 mg af semaglútíði í 0,74 ml.
- Önnur innihaldsefni eru: dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, vatn fyrir stungulyf, natríumhýdroxíð/saltsýra (til að stilla sýrustig). Sjá einnig kafla 2, „Natríuminnihald“.

Lýsing á útliti Ozempic og pakkningastærðir

Ozempic er tært og litlaust eða nær litlaust stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna.

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn og gefur fjóra 1 mg skammta.

Ozempic 1 mg stungulyf, lausn er fánlegt í eftirfarandi pakkningastærðum:

1 lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar.

3 lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi

Novo Nordisk A/S

Novo Allé

DK-2880 Bagsværd

Danmörk

Framleiðandi

Novo Nordisk A/S

Novo Allé

DK-2880 Bagsværd

Danmörk

Novo Nordisk Production SAS

45, Avenue d'Orléans

28000 Chartres

Frakkland

Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður

Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Leiðbeiningar um hvernig nota á Ozempic 1 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna

Lestu þessar leiðbeiningar nákvæmlega yfir áður en áfyllti Ozempic lyfjapenninn er notaður.

Ræddu við lækinn, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing um hvernig eigi að sprauta Ozempic á réttan hátt.

Byrjaðu á því að skoða pennann til að **fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 1 mg**, skoðaðu síðan skýringarmyndirnar hér fyrir neðan þannig að þú þekkir mismunandi hluta lyfjapennans og nálarinnar.

Ef þú ert blind(ur) eða sérð illa og getur ekki lesið á skammtateljarann á lyfjapennanum skaltu ekki nota þennan lyfjapenna án aðstoðar. Fáðu hjálp hjá einhverjum með góða sjón sem veit hvernig á að nota áfyllta Ozempic lyfjapennann.

Lyfjapenninn þinn er áfylltur skammtapenni (dial-a-dose). Hann inniheldur 4 mg af semaglútiði og einungis er hægt að velja 1 mg skammta. Einn ónotaður lyfjapenni inniheldur fjóra 1 mg skammta.

Notaðu töfluna innan á lokinu á öskjunni til að fylgjast með hversu margar inndælingar þú hefur notað og hvenær.

Lyfjapenninn er hannaður til notkunar með 30G, 31G og 32G einnota nálum, allt að 8 mm löngum.

NovoFine Plus nálar fylgja með í pakkningunni.

Ozempic áfylltur lyfjapenni og nál (dæmi)




Mikilvægar upplýsingar


Lesið eftirfarandi upplýsingar vandlega, þær eru mikilvægar fyrir örugga notkun lyfjapennans.



1. Settu nýja nál á lyfjapennann



- **Athugaðu nafnið og litaðu merkimiðann** á pennanum til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 1 mg. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú notar fleiri en eina tegund af lyfi til inndælingar. Notkun á röngu lyfi getur valdið heilsutjóni.
- **Togaðu pennahettuna af.**



Athugaðu hvort lausnin í lyfjapennanum sé tær og litlaus. Líttu í gegnum pennagluggann. Ef lausnin virðist skýjuð eða lituð skaltu ekki nota lyfjapennann.	
Taktu nýja nál. Athugaðu hvort pappírslípin og ytri nálarhetta séu með skemmdir sem gætu haft áhrif á dauðhreinsað ástand hlutanna. Notaðu nýja nál ef skemmdir sjást. Fjarlægðu pappírslípin.	
Gakktu úr skugga um að nálin sitji rétt á. - Þrýstu nálinni beint ofan á lyfjapennann. - Skrúfaðu þar til nálin er föst.	
Nálin er hulin tveimur hettum. Þú verður að fjarlægja báðar hetturnar. Ef þú gleymir að fjarlægja báðar hetturnar mun engin lausn dælast inn. Togaðu ytri nálarhettuna af og geymdu hana þar til síðar. Þú þarft að nota hana eftir inndælinguna til að fjarlægja nálina af lyfjapennanum á öruggan hátt.	
Togaðu innri nálarhettuna af og fleygðu henni. Ef þú reynir að setja hana aftur á gætirðu stungið þig á nálinni fyrir slysi. Dropi af lausn getur komið fram á nálaroddinum. Þetta er eðlilegt en þú verður samt að athuga flæðið ef þú ert að nota nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Sjá skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“. Ekki setja nýja nál á lyfjapennann fyrr en þú ert reiðubúin/n til inndælingar.	
 Notaðu ávallt nýja nál við hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu og ónákvæma skömmtun.	
 Notaðu aldrei bognar eða skemmdar nálar.	
2. Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna	
- Ef lyfjapenninn er þegar í notkun skaltu fara í skref 3 „Skammtur valinn“. Einungis á að athuga flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna - Snúðu skammtamælinum að flæðistákninu () rétt framhjá „0“. Gakktu úr skugga um að flæðistáknið sé í beinni línu við vísinn.	

Haltu lyfjapennanum þannig að nálin vísi upp. Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri þar til skammtateljariinn sýnir aftur „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Dropi af lausn ætti að birtast á nálaroddinum.	
Lítill dropi gæti orðið eftir á nálaroddinum en hann dælist ekki inn. Ef enginn dropi birtist skaltu endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ allt að 6 sinnum. Ef enn sést enginn dropi skaltu skipta um nál og endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ einu sinni enn. Fargaðu lyfjapennanum og notaðu nýjan ef dropi af lausn birtist ekki samt sem áður.	
 Gakktu ávallt úr skugga um að dropi sjáist á nálaroddinum áður en þú notar nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Þetta tryggir að lausnin flæðir. Ef enginn dropi birtist dælist ekkert lyf inn, jafnvel þótt skammtateljariinn hreyfist. Þetta getur gefið til kynna að nálin sé stífluð eða skemmd. Ef þú athugar ekki flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna færðu mögulega ekki ávísaða skammtinn og tilætlaða verkun Ozempic.	
3. Skammtur valinn	
Snúðu skammtamælinum til að velja 1 mg skammt. Haltu áfram að snúa þar til skammtateljariinn stöðvast og sýnir 1 mg.	
Aðeins skammtateljariinn og skammtavísirinn sýna að 1 mg hefur verið valið. Þú getur einungis valið 1 mg í hverjum skammti. Þegar lyfjapenninn inniheldur minna en 1 mg stöðvast skammtateljariinn áður en 1 sést. Skammtamælirinn gefur frá sér mismunandi smelli þegar honum er snúið réttisælis, rangsælis eða fram hjá 1 mg. Ekki telja smellina í lyfjapennanum.	
 Notaðu alltaf skammtateljarað og skammtavísinn til að sjá að 1 mg hefur verið valið áður en þú dælir lyfinu inn. Ekki telja smellina í lyfjapennanum. Einungis má velja 1 mg skammta með skammtamælinum. 1 mg verður að vera í fullkomlega beinni línu við skammtavísinn til að tryggja að þú fáið réttan skammt.	
Hversu mikil lausn er eftir	
Notaðu skammtateljarað til að sjá hversu mikil lausn er eftir: Snúðu skammtamælinum þar til skammtateljariinn stöðvast. Ef hann sýnir 1 er að minnsta kosti 1 mg eftir í lyfjapennanum. Ef skammtateljariinn stöðvast áður en hann sýnir 1 mg, er ekki nóg lausn eftir til að gefa heilan 1 mg skammt.	
 Ef ekki er nóg lausn eftir í lyfjapennanum til að gefa allan skammtinn skaltu ekki nota hann. Notaðu	

nýjan Ozempic lyfjapenna.	
4. Skammti dælt inn	
• Stingdu nálinni í húðina eins og lækurinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sýnt þér. • Gættu þess að þú sjáir skammtateljarann. Ekki hylja hann með fingrunum. Það gæti truflað inndælinguna.	
• Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri. Fylgstu með skammtateljaranum fara aftur á „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Þú gætir heyrt eða fundið smell. • Haltu áfram að ýta á þrýstihnappinn með nálina í húðinni.	
• Teldu hægt upp að 6 meðan þú ýtir á þrýstihnappinn. • Ef þú fjarlægir nálina fyrir gætir þú séð lausnina vætla út úr nálaroddinum. Ef svo er verður allur skammturinn ekki gefinn.	
• Fjarlægðu nálina úr húðinni. Síðan máttu sleppa þrýstihnappinum. Ef blóð sést á stungustaðnum skaltu þrýsta létt á svæðið.	
Dropi af lausn getur sést á nálaroddinum eftir inndælingu. Það er eðlilegt og hefur engin áhrif á skammtinn sem þú varst að fá.	
⚠ Fylgstu alltaf með skammtateljaranum til að vita hversu mörgum milligrömmum þú dældir inn. Haltu þrýstihnappinum niðri þar til skammtateljarinn fer aftur á „0“. Hvernig bera á kennsl á stíflaða eða skemmda nál – Ef skammtateljarinn sýnir ekki „0“ eftir að þú hefur þrýst stöðugt á þrýstihnappinn, gætir þú hafa notað stíflaða eða skemmda nál. – Í þessu tilviki hefurðu ekki fengið neitt lyf – jafnvel þótt skammtateljarinn hafi færst frá upphaflega skammtinum sem þú stilltir. Hvernig meðhöndla á stíflaða nál Skiptu um nálina eins og lýst er í skrefi 5 „Eftir inndælinguna“ og endurtaktu öll skrefin frá 1. skrefi „Settu nýja nál á lyfjapennann“. Gættu þess að þú veljir allan skammtinn sem þú þarft. Snertu aldrei skammtateljarann við inndælingu. Það getur truflað inndælinguna.	
5. Eftir inndælinguna	
Flegðu nálinni alltaf eftir hverja inndælingu til að tryggja auðveldu inndælingu og til að forðast stíflaðar nálar. Ef nálina er stífluð dælist ekkt lyf inn. • Renndu nálaroddinum inn í ytri nálarhettuna á flötu yfirborði án þess að snerta nálina eða ytri nálarhettuna.	

• Þegar nálin er hulin skaltu með varúð ýta ytri nálarhettunni alveg á nálina. • Skrúfaðu nálina af og fleygðu henni með varúð samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
• Settu pennahettuna aftur á lyfjapennann eftir hverja notkun til að verja lausnina gegn ljósi.	
Þegar lyfjapenninn er tómur skaltu farga honum án nálarinnar samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
 Aldrei reyna að setja innri nálarhettuna aftur á nálina. Þú gætir stungið þig á nálinni.  Fjarlægðu alltaf nálina af lyfjapennanum strax eftir hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu, leka lausnar og ónákvæma skömmtun.	
 Frekari mikilvægar upplýsingar	
• Geymdu alltaf lyfjapennann og nálarnar þar sem aðrir hvorki ná til né sjá, sér í lagi börn. • Ekki má deila lyfjapennanum eða nálunum með öðrum. • Umönnunaraðilar verða að gæta ýtrustu varúðar þegar þeir meðhöndla notaðar nálar til að koma í veg fyrir nálarstunguslys og smithættu.	
Umhirða lyfjapennans	
Vandaðu meðhöndlun þína á lyfjapennanum. Óvarfærin meðhöndlun eða misnotkun getur valdið ónákvæmri skömmtun. Ef þetta gerist færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins.	
• Ekki skilja lyfjapennann eftir í bíl eða á öðrum stað þar sem það getur orðið of heitt eða of kalt. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur frosið. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur verið í beinu sólarljósi. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Haltu lyfjapennanum frá ryki, óhreinindum og vökva. • Ekki þvo, gegnbleyta eða smyrja lyfjapennann. Það má þvo hann með mildri sápu í rökum klút. • Ekki missa lyfjapennann eða slá honum utan í hart yfirborð. Ef þú missir hann eða grunar að hann sé bilaður skaltu setja á hann nýja nál og athuga flæðið fyrir inndælingu. • Ekki reyna að fylla á lyfjapennann. Þegar lyfjapenninn er tómur skal farga honum. • Ekki reyna að gera við lyfjapennann eða taka hann í sundur.	

Fylgiseðill: Upplýsingar fyrir sjúkling

Ozempic 2 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna semaglútíð (semaglutid)

Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Í honum eru mikilvægar upplýsingar.

- Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.
- Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum.
- Þessu lyfi hefur verið ávísað til persónulegra nota. Ekki má gefa það öðrum. Það getur valdið þeim skaða, jafnvel þótt um sömu sjúkdómseinkenni sé að ræða.
- Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Sjá kafla 4.

Í fylgiseðlinum eru eftirfarandi kaflar:

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað
2. Áður en byrjað er að nota Ozempic
3. Hvernig nota á Ozempic
4. Hugsanlegar aukaverkanir
5. Hvernig geyma á Ozempic
6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

1. Upplýsingar um Ozempic og við hverju það er notað

Ozempic inniheldur virka efnið semaglútíð. Það hjálpar líkamanum að minnka magn blóðsykurs, eingöngu þegar blóðsykurinn er of hár og getur átt þátt í að koma í veg fyrir hjartasjúkdóma hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2. Það hjálpar einnig við að hægja á versnandi nýrnastarfsemi hjá sjúklingum með sykursýki af tegund 2 með verkunarmáta umfram blóðsykurslækkun.

Ozempic er notað til meðferðar hjá fullorðnum (18 ára og eldri) með sykursýki af tegund 2 þegar mataræði og hreyfing duga ekki:

- eitt og sér – þegar þú getur ekki notað metformín (annað sykursýkilyf) eða
- með öðrum sykursýkilyfjum – þegar þau nægja ekki til að stjórna blóðsykrinum. Þau geta verið lyf til inntöku eða til inndælingar eins og insúlín.

Mikilvægt er að halda áfram að fylgja áætlunum um mataræði og hreyfingu samkvæmt fyrirmælum læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins.

2. Áður en byrjað er að nota Ozempic

Ekki má nota Ozempic

- ef um er að ræða ofnæmi fyrir semaglútíði eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins (talin upp í kafla 6).

Varnaðarorð og varúðarreglur

Leitið ráða hjá lækni, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum áður en lyfið er notað.

Lyfið er ekki það sama og insúlín og þú átt ekki að nota það ef:

- þú ert með sykursýki af tegund 1 – sjúkdómur sem veldur því að líkaminn framleiðir ekki insúlín

- þú færð ketónblóðsýringu af völdum sykursýki – fylgikvilli sykursýki sem lýsir sér með háum blóðsykri, öndunarerfiðleikum, ruglástandi, miklum þorsta, sætri lykt af andardrætti eða sætu bragði eða málmbragði í munni.

Ozempic er ekki insúlín og því á ekki að nota það í staðinn fyrir insúlín.

Láttu lækinn vita að þú takir Ozempic ef fyrirhuguð er aðgerð með svæfingu.

Áhrif á meltingarkerfið

Meðan á meðferð með lyfinu stendur geturðu fundið fyrir ógleði eða uppköstum eða fengið niðurgang. Þessar aukaverkanir geta leitt til ofþornunar (vökvataps). Mikilvægt er að drekka nóg af vökva til að koma í veg fyrir ofþornun. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú ert með nýrnasjúkdóm. Leitaðu ráða hjá læknum ef þú ert með spurningar eða áhyggjur.

Mikill og viðvarandi magaverkur sem er hugsanlega af völdum bráðrar brisbólgu

Ef þú finnur fyrir miklum og viðvarandi verkjum á kviðsvæðinu leitaðu tafarlaust til læknis þar sem þetta gæti verið einkenni bráðrar brisbólgu (bólga í brisinu). Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni bólgu í brisi í kafla 4.

Lágur blóðsykur (blóðsykursfall)

Ef þetta lyf er notað samhliða súlfónýlúrealyfi eða insúlíni getur það aukið hættuna á blóðsykursfalli. Sjá upplýsingar um viðvörunareinkenni blóðsykursfalls í kafla 4. Læknirinn gæti beðið þig að mæla blóðsykurinn. Það hjálpar læknum að ákveða hvort breyta þurfi skammtinum af súlfónýlúrealyfinu eða insúlíninu til að draga úr hættu á blóðsykursfalli.

Augnsjúkdómur af völdum sykursýki (sjónukvilli)

Ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki og notar insúlín getur þetta lyf leitt til þess að sjónin versni og getur þetta krafist meðferðar. Þú skalt láta lækinn vita ef þú ert með augnsjúkdóm af völdum sykursýki eða ef þú finnur fyrir augnvandamálum meðan á meðferð með lyfinu stendur. Ef þú ert mögulega með óstöðugan augnsjúkdóm af völdum sykursýki, er ekki mælt með því að þú notir Ozempic 2 mg.

Börn og unglingar

Notkun lyfsins er ekki ráðlögð hjá börnum og unglingum yngri en 18 ára þar sem öryggi og verkun hjá þessum aldurshópi hefur ekki enn verið staðfest.

Notkun annarra lyfja samhliða Ozempic

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um öll önnur lyf sem eru notuð, hafa nýlega verið notuð eða kynnu að verða notuð, þar með talin jurtalyf eða önnur lyf sem keypt voru án lyfseðils.

Látið lækinn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn sérstaklega vita um önnur lyf sem innihalda eitthvað af eftirfarandi:

- Warfarín eða önnur svipuð lyf til inntöku sem draga úr blóðstorknun (segavarnarlyf til inntöku). Þú gætir þurft að fara oft í blóðprufur til að láta athuga hversu fljótt blóðið storknar.
- Ef þú notar insúlín mun læknirinn segja þér hvernig eigi að minnka skammt insúlíns og ráðleggja þér að mæla blóðsykurinn oftari til að koma í veg fyrir hækkun blóðsykurs og ketónblóðsýringu af völdum sykursýki (fylgikvilli sykursýki sem kemur fram þegar líkaminn getur ekki brotið niður glúkósa vegna þess að ekki er nægilegt magn insúlíns til staðar).

Meðganga og brjóstagjöf

Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá læknum áður en lyfið er notað.

Ekki má nota lyfið á meðgöngu þar sem ekki er vitað hvort það hefur áhrif á fóstur. Þar af leiðandi er notkun getnaðarvarna ráðlögð meðan á notkun lyfsins stendur. Ef þú vilt verða barnshafandi skaltu ræða við læknum hvernig hægt sé að breyta meðferðinni þar sem þú verður að hætta að nota lyfið að minnsta kosti 2 mánuðum áður. Ef þú verður þunguð meðan þú notar lyfið skaltu ræða strax við læknum þar sem hann þarf að breyta meðferðinni.

Ekki nota lyfið meðan á brjóstagjöf stendur þar sem ekki er vitað hvort það skilst út í brjóstamjól.

Akstur og notkun véla

Ólíklegt er að Ozempic hafi áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla. Notkun lyfsins samhliða súlfónýlúrealýfi eða insúlíni getur leitt til blóðsykursfalls sem getur dregið úr einbeitingarhæfni. Þú skalt hvorki aka né nota vélar ef þú finnur fyrir einhverjum einkennum blóðsykursfalls. Sjá upplýsingar um aukna hættu á blóðsykursfalli í kafla 2, „Varnaðarorð og varúðarreglur“ og viðvörunareinkenni um blóðsykursfall í kafla 4. Ræddu við læknum til að fá frekari upplýsingar.

Natríuminnihald

Lyfið inniheldur minna en 1 mmól (23 mg) af natríum í hverjum skammti, þ.e.a.s. er sem næst natríumlaust.

3. Hvernig nota á Ozempic

Notið lyfið alltaf eins og lækinn hefur sagt til um. Ef ekki er ljóst hvernig nota á lyfið skal leita upplýsinga hjá læknum, lyfjafræðingi eða hjúkrunarfræðingnum.

Hversu mikið á að nota

- Upphafsskammtur er 0,25 mg einu sinni í viku í fjórar vikur.
- Að fjórum vikum liðnum mun lækinn auka skammtinn í 0,5 mg einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 1 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 0,5 mg skammti einu sinni í viku.
- Lækinn gæti aukið skammtinn í 2 mg einu sinni í viku ef ekki er hægt að stjórna blóðsykrinum nægilega vel með 1 mg skammti einu sinni í viku.

Ekki breyta skammtinum nema lækinn hafi ráðlagt þér það.

Hvernig Ozempic er gefið

Ozempic er gefið með inndælingu undir húð. Ekki dæla lyfinu í æð eða í vöðva.

- Bestu staðirnir til inndælingar eru framan á lærum, framan á mitti (á kvið) og á upphandlegg.
- Áður en lyfjapenninn er notaður í fyrsta sinn mun lækinn eða hjúkrunarfræðingurinn leiðbeina þér um notkun hans.

Ítarlegar notkunarleiðbeiningar eru á bakhlið fylgiseðilsins.

Hvenær á að nota Ozempic

- Nota á lyfið einu sinni í viku, helst á sama degi í hverri viku.
- Inndælingu má gefa hvenær sem er dagsins – óháð máltíðum.

Mælt er með því að skrifa vikudaginn sem er valinn (t.d. miðvikudagur) og dagsetninguna á öskjuna í hvert sinn sem lyfinu er dælt inn, til að muna eftir að sprauta sig með því aðeins einu sinni í viku.

Ef þörf er á má breyta vikudeginum fyrir inndælingu með lyfinu, svo framarlega sem a.m.k. 3 dagar hafa liðið frá síðustu inndælingu lyfsins. Þegar nýr vikudagur hefur verið valinn skal halda áfram að gefa skammt einu sinni í viku.

Ef notaður er stærri skammtur en mælt er fyrir um

Ef þú notar stærri skammt af Ozempic en mælt er fyrir um hafðu þá samband við lækinn án tafar. Þú gætir fengið aukaverkanir eins og ógleði.

Ef gleymist að nota Ozempic

Ef þú gleymdir að dæla inn skammti og:

- 5 dagar eða færri eru frá því að þú áttir að nota Ozempic skaltu nota það um leið og þú manst eftir því. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.
- fleiri en 5 dagar eru liðnir síðan þú áttir að nota Ozempic skaltu sleppa skammtinum sem gleymdist. Dældu svo inn næsta skammti eins og venjulega, á áætluðum degi.

Ekki á að tvöfalda skammt til að bæta upp skammt sem gleymst hefur að nota.

Ef hætt er að nota Ozempic

Ekki skal hætta að nota lyfið án þess að ráðfæra sig við lækni. Ef notkun þess er hætt getur blóðsykurinn hækkað.

Leitið til læknisins, lyfjafræðings eða hjúkrunarfræðingsins ef þörf er á frekari upplýsingum um notkun lyfsins.

4. Hugsanlegar aukaverkanir

Eins og við á um öll lyf getur þetta lyf valdið aukaverkunum en það gerist þó ekki hjá öllum.

Alvarlegar aukaverkanir

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- fylgikvillar augnsjúkdóms af völdum sykursýki (sjónukvilli) – þú skalt láta lækinn vita ef þú finnur fyrir augnvandamálum, svo sem breytingum á sjón, meðan á meðferð með lyfinu stendur.

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bólga í brisi (bráð brisbólga) sem getur valdið verulegum maga- og bakverkjum sem hverfa ekki. Leitaðu tafarlaust til læknis ef þú færð slík einkenni.

Mjög sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 1.000 einstaklingum)

- alvarleg ofnæmisviðbrögð (bráðafnæmisviðbrögð, ofnæmisbjúgur). Þú verður að fá læknishjálp tafarlaust og láta lækinn strax vita ef þú færð einkenni eins og öndunarerfiðleika, þrota í andliti, vörum, tungu og/eða hálsi ásamt kyngingarerfiðleikum og hraðan hjartslátt.

Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)

- þarmateppa, sem er alvarleg hægðatregða með viðbótareinkennum eins og magaverk, uppþembu, uppköstum og fleiri.

Aðrar aukaverkanir

Mjög algengar (geta komið fyrir hjá fleiri en 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- ógleði – hættir yfirleitt með tímanum
- niðurgangur – hættir yfirleitt með tímanum
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað ásamt lyfjum af lyfjaflokki súlfónýlúrealyfja eða insúlíni.

Algengar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 10 einstaklingum)

- uppköst
- lágur blóðsykur (blóðsykursfall) þegar lyfið er notað samhliða sykursýkilyfi til inntöku öðru en súlfónýlúrealyfi, eða insúlíni.

Viðvörunareinkenni um blóðsykursfall geta birst skyndilega. Þau geta m.a. verið: kaldur sviti, köld og fól húð, höfuðverkur, hraður hjartsláttur, ógleði eða mikil svengdartilfinning, breytingar á sjón, syfja eða þröttleysi, taugaóstyrkur, kvíði eða rugl, einbeitingarörðugleikar eða skjálfti.

Læknirinn segir þér hvernig á að meðhöndla blóðsykursfall og hvernig skal bregðast við þessum viðvörunareinkennum.

Líklegra er að þú fáir blóðsykursfall ef þú tekur einnig súlfónýlúrealyf eða insúlín. Læknirinn gæti minnkað skammta þessara lyfja áður en þú byrjar að nota lyfið.

- meltingartruflanir
- magabólga – einkennin eru m.a. magaverkur, ógleði eða uppköst
- bakflæði eða brjóstsviði – einnig kallað „maga-vélinda-bakflæðissjúkdómur“
- magaverkur
- magapemba
- hægðatregða
- ropi
- gallsteinar
- sundl
- þreyta
- þyngdartap
- minnkuð matarlyst
- vindgangur
- hækkun brisensíma (t.d. lípasa og amýlasa).

Sjaldgæfar (geta komið fyrir hjá allt að 1 af hverjum 100 einstaklingum)

- bragðbreytingar á mat eða drykk
- hraður púls
- viðbrögð á stungustað – svo sem marblettir, verkur, erting, kláði og útbrot
- ofnæmisviðbrögð eins og útbrot, kláði eða ofsakláði
- seinkuð magatæming.

Tilkynning aukaverkana

Látið lækninn, lyfjafræðing eða hjúkrunarfræðinginn vita um allar aukaverkanir. Þetta gildir einnig um aukaverkanir sem ekki er minnst á í þessum fylgiseðli. Einnig er hægt að tilkynna aukaverkanir beint samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá Appendix V. Með því að tilkynna aukaverkanir er hægt að hjálpa til við að auka upplýsingar um öryggi lyfsins.

5. Hvernig geyma á Ozempic

Geymið lyfið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

Ekki skal nota lyfið eftir fyrningardagsetningu sem tilgreind er á merkimiða lyfjapennans og öskjunni á eftir EXP. Fyrningardagsetning er síðasti dagur mánaðarins sem þar kemur fram.

Áður en lyfið er opnað:

Geymið í kæli (2°C - 8°C). Má ekki frjósa. Geymið fjarri kælikerfinu. Hafið pennahettuna á lyfjapennanum til varnar gegn ljósi.

Við notkun:

- Lyfjapennann má geyma í allt að 6 vikur við lægri hita en 30°C eða í kæli (2°C - 8°C), fjarri kælikerfinu. Ozempic má ekki frjósa og ekki skal nota lyfið ef það hefur frosið.
- Hafið hettuna á lyfjapennanum þegar hann er ekki í notkun, til varnar gegn ljósi.

Ekki skal nota lyfið ef þú tekur eftir að lausnin er ekki tær og litlaus eða nær litlaus.

Ekki má skola lyfjum niður í frárennslislagnir eða fleygja þeim með heimilissorpi. Leitið ráða í apóteki um hvernig heppilegast er að farga lyfjum sem hætt er að nota. Markmiðið er að vernda umhverfið.

6. Pakkningar og aðrar upplýsingar

Ozempic inniheldur

- Virka innihaldsefnið er semaglútíð. Einn ml af stungulyfi, lausn inniheldur 2,68 mg af semaglútíði. Einn áfylltur lyfjapenni inniheldur 8 mg af semaglútíði í 3 ml af lausn. Hver skammtur inniheldur 2 mg af semaglútíði í 0,74 ml.
- Önnur innihaldsefni eru: dínatríumfosfatdíhýdrat, própýlenglýkól, fenól, vatn fyrir stungulyf, natríumhýdroxíð/saltsýra (til að stilla sýrustig). Sjá einnig kafla 2, „Natríuminnihald“.

Lýsing á útliti Ozempic og pakkningastærðir

Ozempic er tært og litlaust eða nær litlaust stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna.

Hver áfylltur lyfjapenni inniheldur 3 ml af lausn og gefur fjóra 2 mg skammta.

Ozempic 2 mg stungulyf, lausn er fáanlegt í eftirfarandi pakkningastærðum:

1 lyfjapenni og 4 einnota NovoFine Plus nálar.

3 lyfjapennar og 12 einnota NovoFine Plus nálar.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

Markaðsleyfishafi og framleiðandi

Novo Nordisk A/S

Novo Allé



DK-2880 Bagsværd


Danmörk


Þessi fylgiseðill var síðast uppfærður




Upplýsingar sem hægt er að nálgast annars staðar



Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

Leiðbeiningar um hvernig nota á Ozempic 2 mg stungulyf, lausn í áfylltum lyfjapenna	
Lestu þessar leiðbeiningar nákvæmlega yfir áður en áfyllti Ozempic lyfjapenninn er notaður. Ræddu við lækinn, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing um hvernig eigi að sprauta Ozempic á réttan hátt. Byrjaðu á því að skoða pennann til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 2 mg, skoðaðu síðan skýringarmyndirnar hér fyrir neðan þannig að þú þekkir mismunandi hluta lyfjapennans og nálarinnar. Ef þú ert blind(ur) eða sérð illa og getur ekki lesið á skammtateljaraðstöðunni á lyfjapennanum skaltu ekki nota þennan lyfjapenna án aðstoðar. Fáðu hjálp hjá einhverjum með góða sjón sem veit hvernig á að nota áfyllta Ozempic lyfjapennann. Lyfjapenninn þinn er áfylltur skammtapenni (dial-a-dose). Hann inniheldur 8 mg af semaglútíði og einungis er hægt að velja 2 mg skammta. Einn ónotaður lyfjapenni inniheldur fjóra 2 mg skammta. Notaðu töfluna innan á lokinu á öskjunni til að fylgjast með hversu margar inndælingar þú hefur notað og hvenær. Lyfjapenninn er hannaður til notkunar með 30G, 31G og 32G einnota nálum, allt að 8 mm löngum. NovoFine Plus nálar fylgja með í pakkingunni.	Ozempic áfylltur lyfjapenni og nál (dæmi)  Pennahetta Ytri nálarhetta Innri nálarhetta Nál Pappírsflípi Pennagluggi Merkimiði á lyfjapenna Skammtateljari Skammtavísir Skammta-mælir Þrýsti-hnappur Flæðis-tákn
Mikilvægar upplýsingar Lesið eftirfarandi upplýsingar vandlega, þær eru mikilvægar fyrir örugga notkun lyfjapennans.	
1. Settu nýja nál á lyfjapennann	
- Athugaðu nafnið og litaða merkimiðann á pennanum til að fullvissa þig um að hann innihaldi Ozempic 2 mg. Þetta er sérstaklega mikilvægt ef þú notar fleiri en eina tegund af lyfi til inndælingar. Notkun á röngu lyfi getur valdið heilsutjóni. - Togaðu pennahettuna af.	

Athugaðu hvort lausnin í lyfjapennanum sé tær og litlaus. Líttu í gegnum pennagluggann. Ef lausnin virðist skýjuð eða lituð skaltu ekki nota lyfjapennann.	
Taktu nýja nál. Athugaðu hvort pappírslípin og ytri nálarhetta séu með skemmdir sem gætu haft áhrif á dauðhreinsað ástand hlutanna. Notaðu nýja nál ef skemmdir sjást. Fjarlægðu pappírslípin.	
Gakktu úr skugga um að nálin sitji rétt á. - Þrýstu nálinni beint ofan á lyfjapennann. - Skrúfaðu þar til nálin er föst.	
Nálin er hulin tveimur hettum. Þú verður að fjarlægja báðar hetturnar. Ef þú gleymir að fjarlægja báðar hetturnar mun engin lausn dælast inn. Togaðu ytri nálarhettuna af og geymdu hana þar til síðar. Þú þarft að nota hana eftir inndælinguna til að fjarlægja nálina af lyfjapennanum á öruggan hátt.	
Togaðu innri nálarhettuna af og fleygðu henni. Ef þú reynir að setja hana aftur á gætirðu stungið þig á nálinni fyrir slysi. Dropi af lausn getur komið fram á nálaroddinum. Þetta er eðlilegt en þú verður samt að athuga flæðið ef þú ert að nota nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Sjá skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“. Ekki setja nýja nál á lyfjapennann fyrr en þú ert reiðubúin/n til inndælingar.	
 Notaðu ávallt nýja nál við hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu og ónákvæma skömmtun.	
 Notaðu aldrei bognar eða skemmdar nálar.	
2. Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna	
- Ef lyfjapenninn er þegar í notkun skaltu fara í skref 3 „Skammtur valinn“. Einungis á að athuga flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna. - Snúðu skammtamælinum flæðistákninu () rétt framhjá „0“. Gakktu úr skugga um að flæðistáknið sé í beinni línu við vísinn.	

Haltu lyfjapennanum þannig að nálin vísi upp. Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri þar til skammtateljarinn sýnir aftur „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Dropi af lausn ætti að birtast á nálaroddinum.	
Lítill dropi gæti orðið eftir á nálaroddinum en hann dælist ekki inn. Ef enginn dropi birtist skaltu endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ allt að 6 sinnum. Ef enn sést enginn dropi skaltu skipta um nál og endurtaka skref 2 „Athugaðu flæðið með hverjum nýjum lyfjapenna“ einu sinni enn. Fargaðu lyfjapennanum og notaðu nýjan ef dropi af lausn birtist ekki samt sem áður.	
⚠ Gakktu ávallt úr skugga um að dropi sjáist á nálaroddinum áður en þú notar nýjan lyfjapenna í fyrsta skipti. Þetta tryggir að lausnin flæðir. Ef enginn dropi birtist dælist ekkert lyf inn, jafnvel þótt skammtateljarinn hreyfist. Þetta getur gefið til kynna að nálin sé stífluð eða skemmd. Ef þú athugar ekki flæðið áður en þú gefur fyrstu inndælinguna með hverjum nýjum lyfjapenna færðu mögulega ekki ávísaða skammtinn og tilætlaða verkun Ozempic.	
3. Skammtur valinn	
Snúðu skammtamælinum til að velja 2 mg skammt. Haltu áfram að snúa þar til skammtateljarinn stöðvast og sýnir 2 mg.	
Aðeins skammtateljarinn og skammtavísirinn sýna að 2 mg hafa verið valin. Einungis er hægt að velja 2 mg í hverjum skammti. Þegar minna en 2 mg eru eftir í lyfjapennanum stöðvast skammtateljarinn áður en 2 sjást. Skammtamælirinn gefur frá sér mismunandi smelli þegar honum er snúið réttisælis, rangsælis eða fram hjá 2 mg. Ekki telja smellina í lyfjapennanum.	
⚠ Notaðu alltaf skammtateljarann og skammtavísinn til að sjá að 2 mg hafa verið valin áður en þú dælir lyfinu inn. Ekki telja smellina í lyfjapennanum. Einungis má velja 2 mg skammta með skammtamælinum. 2 mg verða að vera í fullkomlega beinni línu við skammtavísinn til að tryggja að þú fáið réttan skammt.	
Hversu mikil lausn er eftir	
Notaðu skammtateljarann til að sjá hversu mikil lausn er eftir: Snúðu skammtamælinum þar til skammtateljarinn stöðvast. Ef hann sýnir 2 er að minnsta kosti 2 mg eftir í lyfjapennanum. Ef skammtateljarinn stöðvast áður en hann sýnir 2 mg, er ekki nóg lausn eftir til að gefa heilan 2 mg skammt.	
⚠ Ef ekki er nóg lausn eftir í lyfjapennanum til að gefa allan skammtinn skaltu ekki nota hann. Notaðu	

nýjan Ozempic lyfjapenna.	
4. Skammti dælt inn	
• Stingdu nálinni í húðina eins og læknirinn eða hjúkrunarfræðingurinn hafa sýnt þér. • Gættu þess að þú sjáir skammtateljarann. Ekki hylja hann með fingrunum. Það gæti truflað inndælinguna.	
• Ýttu á þrýstihnappinn og haltu honum niðri. Fylgstu með skammtateljaranum fara aftur á „0“. Talan „0“ verður að vera í beinni línu við skammtavísinn. Þú gætir heyrt eða fundið smell. • Haltu áfram að ýta á þrýstihnappinn með nálina í húðinni.	
• Teldu hægt upp að 6 meðan þú ýtir á þrýstihnappinn. • Ef þú fjarlægir nálina fyrir gætir þú séð lausnina vætla út úr nálaroddinum. Ef svo er verður allur skammturinn ekki gefinn.	
• Fjarlægðu nálina úr húðinni. Síðan máttu sleppa þrýstihnappinum. Ef blóð sést á stungustaðnum skaltu þrýsta létt á svæðið.	
Dropi af lausn getur sést á nálaroddinum eftir inndælingu. Það er eðlilegt og hefur engin áhrif á skammtinn sem þú varst að fá.	
⚠ Fylgstu alltaf með skammtateljaranum til að vita hversu mörgum milligrömmum þú dældir inn. Haltu þrýstihnappinum niðri þar til skammtateljarinn fer aftur á „0“. Hvernig bera á kennsl á stíflaða eða skemmda nál – Ef skammtateljarinn sýnir ekki „0“ eftir að þú hefur þrýst stöðugt á þrýstihnappinn, gætir þú hafa notað stíflaða eða skemmda nál. – Í þessu tilviki hefurðu ekki fengið neitt lyf – jafnvel þótt skammtateljarinn hafi færst frá upphaflega skammtinum sem þú stilltir. Hvernig meðhöndla á stíflaða nál Skiptu um nálina eins og lýst er í skrefi 5 „Eftir inndælinguna“ og endurtaktu öll skrefin frá 1. skrefi „Settu nýja nál á lyfjapennann“. Gættu þess að þú veljir allan skammtinn sem þú þarft. Snertu aldrei skammtateljarann við inndælingu. Það getur truflað inndælinguna.	
5. Eftir inndælinguna	
• Flegðu nálinni alltaf eftir hverja inndælingu til að tryggja auðveldu inndælingu og til að forðast stíflaðar nálar. Ef nálina er stífluð dælist ekkert lyf inn. • Renndu nálaroddinum inn í ytri nálarhettuna á flötu yfirborði án þess að snerta nálina eða ytri nálarhettuna.	

• Þegar nálin er hulin skaltu með varúð ýta ytri nálarhettunni alveg á nálina. • Skrúfaðu nálina af og fleygðu henni með varúð samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
• Settu pennahettuna aftur á lyfjapennann eftir hverja notkun til að verja lausnina gegn ljósi.	
Þegar lyfjapenninn er tómur skaltu farga honum án nálarinnar samkvæmt leiðbeiningum frá læknum, hjúkrunarfræðingi, lyfjafræðingi eða yfirvöldum á hverjum stað.	
 Aldrei reyna að setja innri nálarhettuna aftur á nálina. Þú gætir stungið þig á nálinni.  Fjarlægðu alltaf nálina af lyfjapennanum strax eftir hverja inndælingu. Það getur komið í veg fyrir stíflu í nálum, mengun, sýkingu, leka lausnar og ónákvæma skömmtun.	
 Frekari mikilvægar upplýsingar	
• Geymdu alltaf lyfjapennann og nálarnar þar sem aðrir hvorki ná til né sjá, sér í lagi börn. • Ekki má deila lyfjapennanum eða nálunum með öðrum. • Umönnunaraðilar verða að gæta ýtrustu varúðar þegar þeir meðhöndla notaðar nálar til að koma í veg fyrir nálarstunguslys og smithættu.	
Umhirða lyfjapennans	
Vandaðu meðhöndlun þína á lyfjapennanum. Óvarfærin meðhöndlun eða misnotkun getur valdið ónákvæmri skömmtun. Ef þetta gerist færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins.	
• Ekki skilja lyfjapennann eftir í bíl eða á öðrum stað þar sem það getur orðið of heitt eða of kalt. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur frosið. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Ekki dæla inn Ozempic sem hefur verið í beinu sólarljósi. Ef þú gerir það færð þú hugsanlega ekki tilætlaða verkun lyfsins. • Haltu lyfjapennanum frá ryki, óhreindum og vökva. • Ekki þvo, gegnbleyta eða smyrja lyfjapennann. Það má þvo hann með mildri sápu í rökum klút. • Ekki missa lyfjapennann eða slá honum utan í hart yfirborð. Ef þú missir hann eða grunar að hann sé bilaður skaltu setja á hann nýja nál og athuga flæðið fyrir inndælingu. • Ekki reyna að fylla á lyfjapennann. Þegar lyfjapenninn er tómur skal farga honum. • Ekki reyna að gera við lyfjapennann eða taka hann í sundur.	